

Skæruliðamálið

Pórður Snær Júlíusson segir að enginn lærdómur verði dreginn af málinu nema kælingartilraunir verði gerðar upp.

Bls. 8

Anya Shiffrin

Sérfræðingur um málefni fjölmiðla segir lyklatríði að stjórnvöld styðji við fjölmiðla og blaðamennsku með fjölbreyttum leiðum.

Bls. 12

Formenn um blaðamennsku

Pó svo að ekki hafi verið ákvæði um eflingu fjölmiðla í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar hétu formenn flokkanna því að ráðast í aðgerðir í þágu blaðamennsku.

Bls. 18

AÐGENGI AÐ HÆTTUSVÆÐUM

SAMKOMULAG VIÐ
LÖGREGLU-
STJÓRA
15



Viðhorf til blaðamanna og fjölmiðla jákvæð í samfélaginu samkvæmt könnun

Níu af hverjum tíu segja að íslensk blaðamennska og fjölmiðlar skipti miklu máli fyrir íslenskt samfélag samkvæmt könnun sem Gallup vann fyrir BÍ. Um sex af hverjum tíu segjast sammála fullyrðingunni um að blaðamenn vinni af heildinum við að sinna hlutverki sínu og rúmlega helmingur segir blaðamenn starfa í þágu almennings í landinu. Helmingur aðspurðra greiddi áskrift að íslenskum fréttamiðli.

Bls. 2



Blaðamenn starfa af heilindum í þágu almennings

Sigríður Dögg Auðunsdóttir skrifar

Viðhorf til blaðamanna og fjölmiðla jákvæð í samfélaginu samkvæmt könnun sem Gallup vann fyrir BÍ í fyrravetur í tengslum við vitundarherferð um mikilvægi fjölmiðla. Ætlunin er að endurtaka könnunina reglulega til að mæla þróun á viðhorfum almennings til blaðamennsku og fjölmiðla.



Ljósmynd: Getty

▶ 90%

SEGJA AÐ INNLENDIR BLAÐAMENN OG FRÉTTAMIÐLAR SKIPTI MIKLU MÁLI FYRIR ÍSLENSKT SAMFÉLAG

▶ 81%

SEGJAST HAVA MIKINN ÁHUGA A FRÉTTUM ALMENNT

▶ 55%

SEGJAST HAVA HEYRT STJÓRN MÁLAMENN EÐA PÓLÍTÍSKA AKTÍVISTA GAGNRÝNA BLAÐAMENN

Niúttíu prósent Íslendinga telja að íslensk blaðamennska og íslenskir fréttamiðlar skipti miklu máli fyrir íslenskt samfélag. Rúmlega tvöfalt fleiri eru jákvæð en neikvæð gagnvart blaðamönnum á Íslandi. Tæplega þrefalt fleiri segjast sammála en ósammála fullyrðingunni um að blaðamenn á Íslandi starfi af heilindum að því að sinna hlutverki sínu. Meira en helmingur aðspurðra segir blaðamenn á Íslandi starfa í þágu almennings í landinu. Þetta eru niðurstöður könnunar sem Gallup vann fyrir Blaðamannafélag Íslands í tengslum við vitundarherferð félagsins um mikilvægi blaðamennsku. Þá kom fram að rúm 80 prósent aðspurðra sagðist hafa mikinn áhuga á fréttum og að innan við helmingur var áskrifandi að íslenskum fréttamiðli.

Rúmlega niúttíu prósent aðspurðra sögðust hafa heyrt gagnrýni á blaðamenn eða fréttamiðla á síðastliðnu ári - þar af sögðu flestir að gagnrýnin hefði komið frá stjórnmalámonnum eða pólitískum aðgerðasinum, 55 prósent.


Tilgangur könnunarinnar var að fá upplýsingar um viðhorf almennings til íslenskra blaðamanna og fjölmiðla sem gætu reynst félaginu leiðarvísir í því verkefni að efla vitund um mikilvægi blaðamennsku og hlutverk fjölmiðla í lýðræðissamfélagi. Stefnt er að því að endurtaka könnunina reglulega til að mæla breytingar á viðhorfum almennings.

Könnunin var netkönnun sem gerð var 1.-14. mars 2024. Úrtakið var 1826 manns af öllu landinu, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr viðhorfahópi Gallup. Svarhlutfall var 44,7 prósent.


Hér er nánari greining á svörum við spurningum könnunarinnar:

Fólk með lítinn áhuga á fréttum treystir blaðamönnum síður

SPURNING: *Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ertu gagnvart blaðamönnum á Íslandi?*



NÁNARA NIÐURBROT:




Alls voru um 47 prósent aðspurðra jákvæð gagnvart blaðamönnum á Íslandi, 34 prósent svöruðu með „hvorki né“ og 20 prósent sögðust neikvæð.


Lítill munur var á viðhorfum kynjanna að meðaltali en meiri munur var á hópum eftir menntun og mældist jákvæðni fólks með háskólapróf mest. Mesti munurinn var þó á hópum eftir því hvort þeir sögðust hafa mikinn eða lítinn áhuga á fréttum. Umtalsverður munur á viðhorfi gagnvart blaðamönnum var milli þeirra sem annars vegar sögðust hafa lítinn eða engan áhuga á fréttum og hins vegar þeim sem sögðust vera með mikinn áhuga. Á skalanum 1-7, þar sem 1 er fullkomlega neikvæður og 7 fullkomlega jákvæður, skoruðu þeir sem höfðu lítinn áhuga á fréttum með 3,2 að meðaltali en fréttá hugafólk skoraði 5 á sama skala. Þegar svörin voru greind út frá því að hvaða fréttamiðlum fólk er áskrifandi að mælist jákvæðni gagnvart blaðamönnum mest meðal áskrifenda Heimildarinnar, 5, en minnst hjá áskrifendum Morgunblaðsins, 4,2.

Fjórir af hverjum tíu bera mikið traust til blaðamanna

SPURNING: *Á heildina lítið, hversu mikið eða lítið traust berð þú til blaðamanna á Íslandi?*



NÁNARA NIÐURBROT:



Þegar spurt var um traust til blaðamanna sögðust um 38 prósent bera fullkomið eða mikið traust til blaðamanna, 32 prósent svöruðu með „hvorki né“ og 30 prósent sögðu lítið eða ekkert.

Lítill munur var á viðhorfi eftir kynjum eða aldri. Búseta og menntun hafði meiri áhrif því íbúar í Reykjavík treysta blaðamönnum betur en aðrir, 4,2 á mótí 3,9 á skalanum 1-7, og fólk með háskólapróf sömuleiðis. Þarna er einnig fylgni við áhuga á fréttum, eins og í síðustu spurningu, því traust er meira hjá þeim sem hafa áhuga á fréttum en þeim sem hafa ekki áhuga. Þá sögðust áskrifendur Heimildarinnar treysta blaðamönnum mest en áskrifendur Morgunblaðsins minnst.

TRAUST


Traust til blaðamanna í þessari könnun mælist álika og traust til fjölmiðla sem Gallup mælir einu sinni á ári, um 38 prósent. Það er lítið eitt lægra en mælist í könnun Reuters News Initiative sem árlega gerir könnun meðal 47 þjóða, en í nýjstu könnunni segjast 40% „oftast treysta flestum fréttum“, eins og spurningin er orðuð þar. Ísland er ekki meðal þeirra þjóða sem könnunin nær til. Traust til fjölmiðla hjá hinum Norðurlandþjóðunum mælist hins vegar mun meira í Reuters-könnuninni en það mælist á Íslandi í þessum tveimur könnunum Gallup. Í könnunum Fjölmiðlanefndar, sem Maskína hefur gert, mælist traust til fjölmiðla mun meira en í könnunum Gallups - með þeim fyrirvara að svarmöguleikarnir voru aðrir. Í nýjstu könnun Fjölmiðlanefndar, frá því í september í fyrra, mælist traust til fjölmiðla alls rúm 80% (þau sem völdu valmöguleikana: mjög mikið, fremur mikið og í meðallagi) - af þeim segjast um 30% treysta fjölmiðlum mjög mikið eða fremur mikið.

Í könnun Reuters mælist traust á fjölmiðla mest í Finnlandi af öllum Norðurlandþjóðunum, 69 prósent, því næst í Danmörku, 57 prósent, í Noregi mælist það 55 prósent og 50 prósent í Svíþjóð. Þessar þjóðir mælast jafnframt með langmesta traust til fjölmiðla í allri Evrópu, ásamt Hollandi. Þetta eru sömuleiðis þau ríki þar sem fjölmiðlafrelsi mælist mest í heiminum, samkvæmt könnun samtakanna Blaðamenn án landamæra.


Reuters spyr fólk líka að því hvaða þættir hafi áhrif á traust þess til fréttamiðla. Flestir segja að gagnsæi um það hvernig fréttir séu unnar skipti „mjög eða frekar miklu“ máli, næstflestar nefna það mjög eða frekar mikilvægt að miðillinn geri kröfu á vandaða blaðamennsku („high journalistic standards“) og í þriðja lagi að fréttamiðillinn fjalli um „fólk eins og mig“ af sanngirni. Þá nefna margir að það skipti máli varðandi traust hvort fréttamiðillinn sé hlutlægur, hvort hann endurspegli sömu gildi og svarandinn, hvort hann ýki eða setji fréttir fram af of mikilli tilfinningasemi, hvort saga hans sé löng og loks hvort hann sé of neikvæður.

Blaðamenska skiptir höfuðmáli í samfélaginu

SPURNING: *Hversu miklu eða litlu máli skiptir innlend blaðamenska fyrir íslenskt samfélag?*



NÁNARA NIÐURBROT:




Alls sögðu rúm 90 prósent svarenda að innlend blaðamenska skipti miklu máli fyrir íslenskt samfélag, þar af sögðu rúm


20 prósent að hún skipti öllu máli. Tæp 32 prósent svöruðu með „hvorki né“ og 4,1 prósent sögðu hana litlu máli skipta.

Langflestir þeirra eru í hópnum sem hefur lítinn eða engan áhug á fréttum.

EINNIG VAR SPURT um hve miklu máli innlendir fréttamiðlar skipta - og voru svörin mjög áþekkt og í fyrri spurningu.




NÁNARA NIÐURBROT:




Ljósmynd: Gollí

SPURNING: Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: *Blaðamenn á Íslandi leggja sig fram um að skila góðu starfi?*



NÁNARA NIÐURBROT:




Alls voru tæp 60 prósent sammála þeirri fullyrðingu að blaðamenn á Íslandi legðu sig fram við að skila góðu starfi. Tæp 22 prósent svöruðu með „hvorki né“ og tæp 19 prósent voru ósammála fullyrðingunni.


Lítill munur var á svörum eftir kyni en þegar svörin eru skoðuð eftir kyni

og aldri þá eru konur yngri en 40 ára sá hópur sem segist hvað minnst sammála fullyrðingunni. Hið sama á við um hópinn sem er ekki áskrifandi að neinum miðlum og þann sem hefur lítinn eða engan áhuga á fréttum.


EINNIG VAR SPURT UM FULLYRÐINGUNA: *Blaðamenn á Íslandi starfa af heilindum við að sinna hlutverki sínu - og voru svörin mjög svipuð þessum.*




NÁNARA NIÐURBROT:



SPURNING: Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: *Blaðamenn á Íslandi starfa í þágu almennings í landinu?*



NÁNARA NIÐURBROT:




Þegar spurt var um fullyrðinguna að blaðamenn á Íslandi starfi í þágu almennings í landinu sagðist rúmlega helmingur vera sammála henni, 22 prósent svöruðu með „hvorki né“ og tæpur fjórðungur var ósammála.

Í þessari spurningu var hve mestur munur á svörum kynjanna og voru töluvert fleiri karlar ósammála fullyrðingunni en konur. Hér var einnig marktækur munur á svörum eftir menntun og voru iðnaðarmenn og sérhæft iðnaðar fólk líklegust til að segjast ósammála fullyrðingunni, en sérfræðingar með háskólamenntun líklegastir til að vera sammála. Sem fyrr er mikill munur á viðhorfum áskrifenda og voru umtalsvert fleiri áskrifendur Heimildarinnar sammála en Morgunblaðsins, en áskrifendur annarra miðla voru þar mitt á milli.




Ljósmynd: Anton Brink

SPURNING: Hverja af eftirtöldum, ef einhverja, hefur þú séð eða heyrt gagnrýna blaðamenn eða fréttamiðla á Íslandi á síðastliðnu ári?




Stjórnámálamenn eða pólitískir aktivistar er sá hópur sem flestir hafa heyrt gagnrýna blaðamenn eða fjölmiðla á síðastliðnum 12 mánuðum. Alls segjast 55 prósent aðspurðra hafa heyrt gagnrýni úr þeirri átt.


Talsverður munur er milli kynjanna í svörum því alls segjast 62 prósent karla hafa heyrt gagnrýni á blaðamenn eða fréttamiðla en 48 prósent kvenna. Þá er athyglisvert að eftir því sem svarendur eru jákvæðari gagnvart blaðamönnum og bera meira traust til þeirra eru þeir líklegri til að hafa heyrt gagnrýni frá stjórnámálamönnum á blaðamenn og fréttamiðla því 70% þeirra segjast hafa heyrt stjórnámálamenn gagnrýna blaðamenn, sem er tvöfalt hærra hlutfall en hjá þeim sem erur neikvæðir í garð blaðamanna.





SPURNING: Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á fréttum almennt?



NÁNARA NIÐURBROT:




Áhugi á fréttum er mjög mikill samkvæmt þessari könnun því alls segjast 81 prósent hafa mikinn áhuga á fréttum. Rúm 11 prósent svara með „hvorki né“ og tæp 8 prósent segjast hafa lítinn sem engan áhuga á fréttum.



Karlar hafa meiri áhuga en konur og áhugi eykst lítið eitt eftir aldri. Búseta, tekjur og menntun virðast ekki hafa áhrif á áhuga fólks á fréttum, en starf hefur það hins vegar. Fólk sem starfar við þjónustu, umönnun og sölu hefur minnstan áhuga á fréttum, þótt áhuginn sé samt sem áður mjög mikill, en stjórnendur og æðstu embættismenn hafa mestan áhuga. Lítil munur er á áhuga á fréttum eftir áskriftum að fréttamiðlum.

SPURNING: Ert þú/heimilið áskrifandi að einhverjum af eftirtöldum fréttamiðlum?



Ljósmyndir: Anton Brink

Efnisyfirlit

11 Gaza

Hættulegasti staður á jörðu fyrir blaðamenn.

15 Aðgengi að hættusvæðum

Stefnt er að því að framlengja samkomulag sem gert var við lögreglustjórann á Suðurnesjum um aðgengi að hættusvæðinu í og við Grindavík vegna eldsumbrotá þar.

16 Vitundarherferð

Herferð BÍ til vitundarefningar á mikilvægi blaðamennsku heldur áfram á árinu 2025.

22 Áskorun til stjórnálflokka

BÍ sendi formönnum flokkanna í aðdraganda Alþingiskosninga tillögur í tíu liðum til eflingar blaðamennsku og fjölmiðla.

24 Samstaða um breytingar

Starfsemi félagsins á árinu hefur einkennt af umbreytingum og nútímavæðingu.

26 Félagatal tekið úr birtingu

Þrátt fyrir að tillaga þess efnis hafi verið felld á framhaldsaðalfundi BÍ ákvað stjórn að taka félagatal úr birtingu til samræmis við lög í landinu. Lögfræðiálit staðfestir réttmæti ákvörðunar stjórnar.

29 Umfjöllun um sjálfsvíg

Vönduð og fagleg fjölmiðlaumfjöllun getur mögulega dregið úr tíðni sjálfsvíga.

34 Mynd ársins

Kjartan Þorbjörnsson (Golli) hlaut verðlaun fyrir mynd ársins 2023

42 Nýting upplýsingalaga

44 Breyttar áherslur með nýjum siðareglum

46 Flest vilja læra um gervigreind

Í könnun meðal félagsfólks kom í ljós að flest hafa áhuga á námskeiði um notkun gervigreindarverkfæra fyrir blaðamenn.



Anya Schiffrin

SÉRFRÆÐINGUR Í MÁLEFNUM FJÖLMIÐLA RÆÐIR TILLÖGUR Í SKÝRSLU UM HVERNIG BJARGA MEGI BLAÐAMENNSKU (SAVING JOURNALISM).

Skæruliðamálið

ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON, EINN FYRRVERANDI SAKBORNINGA Í SKÆRULIÐAMÁLI SAMHERJA, SEGIR AÐ ENGINN LÆRDÓMUR VERÐI DREGINN AF MÁLINU NEMA HIÐ OPINBERA SÝNI VILJA TIL AÐ GERA ÞAÐ UPP.



Formenn um mikilvægi blaðamennsku

FORMENN FLOKKANNA ERU SAMMÁLA UM AÐ BLAÐAMENNSKA SÉ EKKI AÐEINS SAMFÉLAGSLEGA MIKILVÆG HELDUR LÍFSNAUÐSYNLEG FYRIR LÝÐRÆÐIÐ.

Blaðamanna- verðlaunin

HEIMIR MÁR PÉTURSSON
HLAUT BLAÐAMANNAVERÐLAUN ÁRSINS 2023





Enginn lærdómur nema kælingartilraunir verði gerðar upp

Bára Huld Beck skrifar

Samherjamálið skók íslenskt samfélag fyrir rúmum fimm árum en einn angi þess hratt af stað umræðu um tjáningarfrelsi, vinnubrögð fjölmiðla og aðför gegn þeim. Eftir umfjöllun Kjarnans og Stundarinnar um „skæruliðadeild Samherja“ voru blaðamenn sakaðir um að hafa birt trúnaðarupplýsingar og hafa framið alvarleg lögbot. Málið vakti enn fremur upp spurningar um vernd heimildarmanna og valdbeitingu yfirvalda gagnvart blaðamönnum.

Í um tvö og hálf ár voru sex blaðamenn með réttarstöðu sakbornings vegna rannsóknar lögreglu tengdri fréttaskrifum um Samherja. Það var ekki fyrr en í september síðastliðnum sem embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra tók þá ákvörðun að hætta rannsókn í málinu er varðaði meinta byrlun, afritun á upplýsingum af síma einstaklings og dreifingu á kynferðislegu myndefni án þess að ákæra væri gefin út.

Þórður Snær Júlíusson, fyrrverandi ritstjóri Kjarnans og Heimildarinnar, var einn þessara blaðamanna sem fengu stöðu sakbornings ásamt Þóru Arnórsdóttur þáverandi ritstjóra Kveiks, Arnari Þór Ingólfssyni þáverandi blaðamanni Kjarnans, Aðalsteini Kjartanssyni þáverandi blaðamanni Stundarinnar, Inga Frey Vilhjálmssyni þáverandi blaðamanni Heimildarinnar og Arnari Þórissyni, yfirframleiðanda Kveiks á RÚV.

Eina sem þau gerðu var að taka á móti gögnum

Þórður Snær segir í samtali við Blaðamanninn að málið hafi haft mikil streitu-áhrif á sig, bæði persónulega og faglega.

„Það fylgir því mikil streita að standa í því að berjast gegn yfirgengilegu og kerfisbundnu ranglæti eins og þessi lögreglurannsókn var. Það eru auðvitað þannig að þetta átti sér aldrei neinar forsendur. Allur málatalibúnaðurinn sem lögreglan á Norðurlandi eystra vann með, narratívan sem þau voru með um það sem átti sér stað, var öll röng. Það eina sem við gerðum var, það sem er fullkomlega löglegt, að taka á móti gögnum og meta hvort gögnin ættu erindi til almennings og skrifa síðan fréttir um þau. Þetta höfum við gert margoft.“

Lögreglan reyndi í yfirheyrslum yfir blaðamönnum að fá upplýsingar um heimildamenn þeirra en samkvæmt lögum hafa blaðamenn ekki heimild til að veita slíka upplýsingar. Þórður Snær segir að auðvitað hafi ekki komið til greina að brjóta gegn þeim lögum og að þau hafi ekki gefið upp heimildamenn sína.

„Það fylgir því mikil streita að standa í því að berjast gegn yfirgengilegu og kerfisbundnu ranglæti eins og þessi lögreglurannsókn var.“

Hafði áhrif á trúverðugleika blaðamannanna – og tók sinn toll

Þórður Snær segir að streitan hafi jafnframt falist í umræðunni sem átti sér stað í kjölfarið og í umfjöllun ýmissa meginstraumsfjölmiðla, vinsælustu einkareknu útvarpsstöðvum landsins og miðlum eins og DV og Mannlífi. „Þar var fjallað um þessa narratívu sem Páll Steingrímsson setti fram og lögreglan á Norðurlandi eystra reyndi eftir allri sinni getu að barna. Þrátt fyrir að hún ætti sér ekki stoð í raunveruleikanum þá var fjallað um hana eins og hún væri raunveruleiki.“

Afleiðingarnar af þessari umræðu og narratívu smitaðist út í samfélagið og höfðu áhrif á trúverðugleika blaðamannanna, að mati Þórðar Snæs. „Það hafði áhrif á trúverðugleika minn sem blaðamanns. Það hafði áhrif á trúverðugleika minn sem ritstjóra. Það hafði áhrif á trúverðugleika þeirra miðla sem ég stýrði á þeim tíma,“ imprar hann á. Hann tók að sér í blaðamannahópnum að vera í samskiptum, að mestu leyti einhliða, við lögregluna á Norðurlandi eystra. Hann og lögmaður hans sendu embættinu vikulega tölvupósta til að óska eftir upplýsingum um málið og svörum um hvaða háttsemi




Þórður Snær Júlíusson



Þóra Arnórsdóttir



Arnar Þór Ingólfsson



Aðalsteini Kjartansson



Ingi Frey Vilhjálmsson



Arnar Þórissón



Frá fundi BÍ um tilhæfuleausa rannsókn lögreglu á blaðamönnum vegna umfjöllunar um skæruliðamál Samherja. F.v. Flóki Ásgeirsson lögmaður, Arnar Þór, Aðalsteinn, Þórður Snær, Arnar og Þóra. Ingi Freyr átti ekki heimangengt á fundinn.

Ljósmynd/Golli

Þau hefðu átt að sýna af sér til að hljóta stöðu sakborninga. Lítið var um svör, að sögn Þórðar Snæs.

„Það auðvitað tók sinn toll og orku,“ segir hann og viðurkennir að hann hafi fundið fyrir mikilli ábyrgð gagnvart blaðamanninum sem skrifaði umfjöllunina með honum, Arnari Þór Ingólfssyni, yfir þeirri stöðu sem hann var settur í vegna verkefnis sem hann fól honum. „Að þurfa að þola þessa umræðu og orðræðu, og ég vil bara segja ofbeldi, yfir þetta tímabil sem þessi lögreglurannsókn stóð yfir. Þannig að þetta tók mikinn toll.“

Ofbeldi beitt til að þagga niður í fjölmiðlum

Mál sem þessi hafa tilhneigingu til að hafa mikil kælingaráhrif og þegar Þórður Snær er spurður hvaða áhrif málið hafði á blaðamennsku á Íslandi þá segir hann að þau hafi verið mikil. „Ég held að þetta hafi gert það að verkum að það eru

Við látum svona lagað viðgangast, kælingaráhrif valdsins gagnvart fjölmiðlum.

margir, bæði fjölmiðlar sjálfir og einstakir blaðamenn, sem eðlilega forðast það að taka slagi við þetta mikla afl, sem svona stórfyrirtæki eru, þegar svo virðist vera að það sé hægt að beita lögregluvaldi til að fara gegn blaðamönnum með þeim hætti sem var farið gegn okkur. Þarna var klárlega um steriótýpíska kælingu að ræða og hreinlega aðför að mannorði okkar og faglegum ferli – og líka fjölmiðlunum sem við vorum að vinna hjá þegar þeir eru settir í sama samhengi allan þennan tíma. Þetta var ekki á það bætandi.“

Lögreglurannsóknin sé þannig svartur blettur á því hvernig íslenskt samfélag

tekst á við það að byggja upp frjálsa, fjölbreytta og sterka fjölmiðla. „Við erum að glíma við það að fólki sem starfar í geiranum er að fækka mikið. Fjölmiðlunum sjálfum hefur fækkað og svo erum við að láta það viðgangast trekk í trekk að ofbeldi sé beitt gegn fjölmiðlum til að þagga niður í þeim,“ segir hann og viðurkennir að þetta mál hafi spilað rollu í því að hann ákvað síðasta sumar að það væri orðið tímabært að hætta sem ritstjóri Heimildarinnar og prófa að gera eitthvað annað.

Ekki hefur verið vilji til að gera málið upp

Þá er vert að spyrja hvað hægt sé að gera til að færa ástandið til betri vegar. Þórður Snær segir að augljóslega þurfi að gera þetta tiltekna mál upp. „Við lærum ekkert nema við gerum hlutina upp. Og það er hefur ekki verið neinn vilji til að gera þessar kælingartilraunir gagnvart fjöl-

„Við erum að láta það viðgangast trekk í trekk að ofbeldi sé beitt gegn fjölmiðlum til að þagga niður í þeim.“

miðlum upp. Hið opinbera þarf að sýna vilja til að gera það. Að fara ofan í það sem átti sér þarna stað.“

Hann veltir fyrir sér hvort ástæða sé til að skerpa á þeim lögum sem notuð voru gegn blaðamönnum við rannsókn málsins til þess að koma í veg fyrir að slíkt gerist aftur. Nýlega voru uppfærð ákvæði í lögum sem áttu að verja þolendur stafræns kynferðisofbeldis en Þórður Snær bendir á að enginn grunur hafi nokkru sinni verið um að blaðamennirnir hefðu verið þátttakendur í slíku lögbroti.

„Öll umræða um slíkt var á engu byggð. Þarna var verið að misbeita ákvæðum laga sem þó voru þannig að í lögskýringagögnum sagði að ætti ekki að beita þeim gegn fjölmiðlafólki þegar það var að taka á móti upplýsingum jafnvel þótt að þær upplýsingar væru illa fengnar,“ segir hann.

Hugarfarsbreyting verður að eiga sér stað

Þá telur Þórður Snær að huga þurfi að öllum þeim ástæðum sem gera það að verkum að fjölmiðlafrelsi fer hríðhrakandi samkvæmt öllum alþjóðlegum mælikvörðum. Ísland er komið niður í 18. sæti á lista samtakanna Blaðamenn án landamæra (RSF) yfir fjölmiðlafrelsi í heiminum og þannig erum við miklir eftirbátar þeirra landa sem við berum okkur helst saman við. „Það er vegna þess að við látum svona lagað viðgangast, kælingaráhrif valdsins gagnvart fjölmiðlum, trekk í trekk og hér hafa ekki verið stigin nægilega stór skref til að styrkja stöðir fjölmiðlaumhverfisins svo hér geti þrífist



frjálst, fjölbreytt og sterkt fjölmiðlaumhverfi.“

Hann segir að í staðinn séum við komin með mjög fábrotna fjölmiðlaflóru. Hún samanstandi af opinberum fjölmiðli sem sé allt of stór, af sérhagsmunagæslufjölmiðli sem sé niðurgreiddur um milljarða króna um margra ára tímabil af einni stærstu atvinnugrein landsins og með augljós pólitísk markmið og svo þriðja stærsta einkafyrirtækið sem er í eigu stærsta fjarskiptafyrirtækisins skráð

á markað sem sé þá eðlilega ekki að fara að stinga á stærstu kyli samfélagsins.

„Þetta er staðan. Aðrir fjölmiðlar eru ekki með kraftinn til þess að sinna þessu. Þannig að stóra málið er núna sem áður að það þarf að styrkja umgjörðina og búa til rekstrarumhverfi þar sem litið er á fjölmiðla sem mikilvægt lýðræðistól en ekki sem hvern annan markað. Þangað til að sú hugarfarsbreyting á sér stað þá lagast ekkert. Þá sitjum við bara uppi með þetta.“

Blaðamannafélag Íslands sendi frá sér yfirlýsingu þegar málið var fellt niður og fagnaði því að margra ára tilefnislausri rannsókn lögreglustjórans á Norðurlandi eystra á hendur blaðamönnum væri nú loks lokið. „Líkt og BÍ hefur bent á frá upphafi rannsóknarinnar var aldrei grundvöllur til hennar enda beindist hún að þeirri háttsemi blaðamanna að taka við upplýsingum frá heimildamönnum um samfélagslega mikilvæg málefni og miðla þeim til almennings með ábyrgum hætti. Í því felst ekki refsiverð háttsemi blaðamanna heldur þvert á móti stjórnarskrávarin frumskylda blaðamanna í lýðræðislegu þjóðfélagi.



Um leið og BÍ fagnar því að málinu sé nú lokið lýsir félagið þungum áhyggjum af því að lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra skuli um margra ára skeið hafa haft blaðamenn til rannsókna fyrir að sinna starfi sínu. Auk þeirra beinu og verulegu áhrifa sem rannsóknin hefur haft á líf og störf þeirra blaðamanna sem í hlut áttu hefur hún skapað réttaróvissu um störf allra starfandi blaðamanna á Íslandi og haft víðtæk fælingaráhrif. Þótt það sé von BÍ að þetta hafi ekki verið eitt af markmiðum lögreglu með rannsókninni hefur framgangur hennar í málinu gert það erfitt að útiloka með öllu að sú sé raunin,“ sagði meðal annars í yfirlýsingu BÍ.

Aldrei fleiri blaðamenn drepnir

Lovísa Arnardóttir og Sigríður Dögg Auðunsdóttir skrifa

Aldrei hafa jafn margir blaðamenn látið lífið á jafn skömmum tíma og í átökunum á Gaza. Alþjóðasamtök blaðamanna (IFJ) setja að alls hafi minnst 142 blaðamenn og starfsmenn fjölmiðla verið drepnir í stríðinu í Gaza frá því í október 2023. Þar af hafi að minnsta kosti 35 verið drepnir fyrir það eitt að vera blaðamenn.

Samtökin Blaðamenn án landamæra (RSF) áætla að á þessu ári hafi 54 blaðamenn verið drepnir við störf. Helmingur þeirra var drepinn á átakasvæðum. Gaza er talinn hættulegasti staður heims til að vera blaðamaður en þar var þriðjungur drápanna framinn.

Thibaut Bruttin, framkvæmdastjóri RSF segir að blaðamenn láti ekki lífið – þeir séu drepnir. Þeir séu ekki fangelsaðir – heldur séu þeir frelsissviptir. Þeir hverfi ekki – heldur sé þeim rænt. „Þessir glæpir – sem oft eru framdir á ábyrgð ríkisstjórna og vopnaðra hermanna í skjóli refsileysis – brjóta gegn alþjóðalögum og enginn sætir ábyrgð. Við verðum að þrýsta á um aðgerðir, og minna okkur sjálf á sem samfélagsþegna, að blaðamenn eru að láta lífið í okkar þágu, til þess að halda okkur upplýstum. Við verðum að halda áfram að telja, nefna, fordæma, rannsaka og tryggja að réttlætið nái fram að ganga,“ segir Bruttin. „Verndun þeirra sem upplýsa okkur er verndun sannleikans.“

Alþjóðasamtök blaðamanna og Blaðamenn án landamæra hafa bæði fordæmt dráp á blaðamönnum á Gaza og kallað eftir sérstakri rannsókn á þeim. Það gerir Blaðamannafélag Íslands líka. Við köllum eftir því að alþjóðalög verði virt og að öryggi blaðamanna á Gaza verði tryggt svo blaðamenn geti flutt fréttir af því sem þar á sér stað. Það er algjört lykilatriði að alþjóðasamfélagið standi saman og



Syrjendur og starfsfélagar umhverfis lík Ismail al-Ghoul, blaðamanns Al-Jazeera Arabic, sem drepinn var ásamt myndatökumanninum Rami al-Refee í árás Ísraelsmanna þegar þeir voru að vinna að umfjöllun um flóttamannabúðirnar í Al-Shati á Gaza þann 31. júlí 2024. Al Jazeera fordæmdi drápin í yfirlýsingu og sagði þau “kaldrifjaðar aftökur”.

Ljósmynd fengin af vef IFJ.org/Omar AL-QATTA/AFPw

dragi þá til ábyrgðar sem beri sök. Þannig eru send skýr skilaboð um að almenningur eigi rétt á upplýsingum sama hver eigi í hlut.

Anthony Bellanger, framkvæmdastjóri Alþjóðasambands blaðamanna, segir að hinn mikli fjöldi blaðamanna sem hafi verið drepinn sýni enn einu sinni hve fjölmiðlafrelsið er brothætt og hve hættulegt og áhættusamt það er að starfa sem blaðamaður. „Blaðamenn og

fjölmiðlafólk á átakasvæðum verður að njóta verndar sem almennir borgarar og að fá að sinna störfum sínum án þess að verða fyrir truflun. IFJ kallar eftir því að stríðsaðilar leggi sitt af mörkum til að tryggja öryggi blaðamanna. Mikill þörf er á upplýsingum af átakasvæðinu en fólk getur ekki skilið hvað er í raun í gangi ef blaðamenn fá ekki svigrúm til þess að sinna starfi sínu,“ segir Bellanger.

Gaza er hættulegasti staður á jörðu fyrir blaðamenn

- ❖ **Metfjöldi blaðamanna hefur verið drepinn við störf, 54, þar af 31 á átakasvæðum.** Blaðamenn hafa verið drepnir á átakasvæðum víða um heim – í Írak, Súdan, Myanmar, Úkraínu og á átakasvæðunum vegna stríðsins á Gaza.
- ❖ **Gaza er hættulegasti staður á jörðu fyrir blaðamenn.** Þriðjungur þeirra blaðamanna sem létust við störf á árinu 2024 var á Gaza. Þeir voru drepnir af Ísraelsher, samkvæmt upplýsingum frá RSF.
- ❖ **Palestína er hættulegasti ríki heims fyrir blaðamenn.** Hvergi hafa fleiri blaðamenn verið drepnir en þar á síðustu fimm árum. Fleiri en 145 blaðamenn hafa verið drepnir í Palestínu frá því í október 2023. Af þeim hafa hið minnst 35 verið drepnir starfa þeirra vegna.



Lykilatriði að stjórnvöld styðji við fjölmiðla með fjölbreyttum leiðum

Lovísa Arnardóttir skrifar

Sérfræðingur í málefnum fjölmiðla segir að sjálfstæðir styrktarsjóðir til stuðnings blaðamennsku séu ein af lausnum til bjargar hnignandi fjölmiðlum í breyttu rekstrarumhverfi.

Anya Schiffrin, forstöðumaður tækni, fjölmiðla- og samskiptadeildar Columbia University's School of International and Public Affairs í New York, segir algjört lykilatriði að stjórnvöld styðji við fjölmiðla sama hvort það er með beinum fjárhagslegum stuðningi eða með öðrum aðferðum eins og fjöldakaupum á áskriftum einkarekinna fjölmiðla fyrir opinbera starfsmenn, akademíska samfélagið og fleiri stéttir svo eitthvað sé nefnt.

Schiffrin hefur verið ötull talsmaður blaðamennsku undanfarin ár. Hún hóf störf í blaðamennsku á 9. áratugnum. Hún segist alltaf hafa haft áhuga á því hvað komi í veg fyrir að blaðamenn geti sinnt starfi sínu og það sé það sem hún hafi varið síðustu tuttugu árum í að rannsaka. Um það hefur hún skrifað ýmsar bækur en árið 2021 kom út eftir

hana, og tvo aðra fræðimenn, tímamóta-skýrsla sem ber heitið Til bjargar blaðamennsku (e. Saving Journalism).

Staðan slæm fyrir faraldur

Skýrslan var skrifuð í heimsfaraldri COVID en faraldurinn hafði verulega slæm áhrif á fjölmiðla um allan heim. Í skýrslunni er einblínt á lausnir til bjargar

hnignandi fjölmiðlum um allan heim sem berjast í bókum fjárhagslega. Lausnirnar eru settar í fjóra flokka sem eru til dæmis aukin einkafjárframlög og framlög í mannúðarskyni. Schiffrin segir þessum framlögum stundum fylgja einhver skilyrði hvað varðar hvaða málefni megi fjalla um. Schiffrin segir fjölmiðla þannig þurfa að málamiðla. Það sé ekki fullkomið en þannig virki þetta. Önnur lausn sem er nefnd er meiri stuðningur stjórnvalda.

„Ef þú býrð í lýðræðissamfélagi og getur treyst stjórnvöldum þá er stuðningur stjórnvalda mjög góður valkostur,“ sagði Schiffrin á hádegisverðarfundum Blaðamannafélags Íslands í mars á þessu ári.

Hún sagði margar leiðir færar eins og skattaafslátt fyrir ráðningar og ýmis konar niðurgreiðslur til að tryggja fjölbreytta blaðamennsku. Lykilatriði við slíkt fyrirkomulag væri að það ríkti traust á milli stjórnvalda og fjölmiðla.

Schiffrin fór yfir niðurstöður skýrslunnar á hádegisverðarfundinum. Þar benti hún á að staða fjölmiðla var orðin slæm um allan heim fyrir heimsfaraldurinn. Það sem breyttist í faraldurinum var að krafa almennings um að fá réttari upplýsingar og vel unnar fréttir varð ríkari.

„Þú getur ekki treyst á heim þar sem þú hefur ekki áreiðanlega blaðamennsku. Því þá færðu alls konar brjáláða hluti á netið. Þú getur ekki treyst Facebook, Google, TikTok eða neinum þessara miðla til að sía það út,“ sagði Schiffrin.

Það væri grunnforsenda varðandi til dæmis tæknirisana Google og META að stjórnvöld setji löggjöf til að þvinga þá að samningaborðinu og fái þá til að greiða fyrir fréttirnar sem þeir dreifa.

Opinberir styrktarsjóðir eru góðir kostir en það nægir ekki að gera bara eitt, það þarf að gera það allt.



VISSIR ÞÚ...

...að eftir 4 ára starf mátt þú nýta allt að 5 sumarleyfisdagum í vetrarleyfi og telst hver dagur þá tvöfalt (5 dagar verða 10)?

ÞEKKTU RÉTT ÞINN



Nánar á press.is/thecktu-rett-thinn



Helga Arnardóttir ræddi við Anya Schiffrin um hvernig koma megi blaðamennsku til bjargar í breyttum tækniheimi. Hægt er að sjá upptöku af viðtali Helgu Arnardóttur við Schiffrin á vef okkar, press.is.
Skjáskot úr myndbandi. Myndatökumaður/Bragi Þór Hinriksson

Sjálfstæðir sjóðir mikilvægir

Í skýrslunni er einnig að finna fleiri tillögur og fjármögnunarleiðir fyrir fjölmiðla í því augnamiði að standa vörð um blaðamenskuna líkt og ný viðskiptamódel fjölmiðla eins og áskriftaþjónusta og skattaívilnanir af hálfu hins opinbera og stofnun sjálfstæðra styrktarsjóða sem fjölmiðlar og blaðamenn geta leitað til.

Schiffrin sagði styrktarsjóði til stuðnings blaðamennsku mikilvæga og að þeim færi fjölgandi. Hún sagði ekki mikla reynslu af þeim í Bandaríkjunum en í skýrslunni væri fjallað um nokkra sjóði sem væru mjög sterkir til dæmis í Hollandi og Danmörku. Schiffrin segir einnig stefnt að því sama í Sierra Leóne og í Tansaníu.

Hún útskýrði svo í nokkrum skrefum hvað gerði það að verkum að slíkur sjóður gengi upp. Til að byrja með þyrfti að sannfæra fólk um nauðsyn hans og að blaðamennska sé mikilvæg, það þurfi svo að vera alveg skýrt fyrir hvern sjóðurinn

Meðal tillagna Schiffrin um opinberan stuðning við fjölmiðla

- ❖ Fjárframlag til styrktarsjóða til eflingar blaðamennsku
- ❖ Skattaívilnanir til fjölmiðlafyrirtækja
- ❖ Hið opinbera kaupi áskriftir að einkareknum fréttamiðlum fyrir opinbera starfsmenn, akademíska samfélagið og fleiri stéttir
- ❖ Setja þarf löggjöf til að þvinga tæknirisana Google og Facebook að samningaborðinu og fá þá til að greiða fyrir fréttirnar sem þeir dreifa
- ❖ Öflugur stuðningur við ríkisfjölmiðla

er, það þurfi að tryggja sjálfstæði hans og fá fjármagn í sjóðinn.

Schiffrin segir að þegar hún og félagar hennar hafi byrjað að skrifa skýrsluna hafi þau fyrst leitað að lausnum og það hafi komið á óvart hversu víða um heim var unnið að því með alls konar leiðum að styðja við blaðamenn og blaðamenskuna.

Hún segir það algjört lykilatriði að stjórnvöld styðji við fjölmiðla sama hvort það er með beinum fjárhagslegum stuðningi eða með öðrum aðferðum eins og fjöldakaupum á áskriftum einkarekinna fjölmiðla fyrir opinbera starfsmenn, akademíska samfélagið og fleiri stéttir svo eitthvað sé nefnt.

„Rannsóknir okkar sýndu að það þarf að grípa til allra ráða. Uppsetning áskrifta er góður kostur. Ríkisfjölmiðlar eru góður kostur. Opinberir styrktarsjóðir eru góðir kostir en það nægir ekki að gera bara eitt, það þarf að gera það allt. Vandamálið er margþætt og það þurfa allir að skila sínu,“ sagði Schiffrin á hádegisverðarfundinum í mars.



NAFN Erla María Markúsdóttir

STARF Blaðamaður

VINNUSTAÐUR

Heimildin

HVAÐA FRÉTTAMÁL STÓÐ UPP ÚR Á ÁRINU OG HVERS VEGNA?

Fyrirfram var vitað að árið 2024 yrði stærsta kosningarár sögunnar á heimsvísu. Hér heima bættust þingkosningar við forsetakosningar þannig stjórn málin eru mér mjög ofarlega í huga í árslok.

HVAÐA UMFJÖLLUN SEM ÞÚ VANNST AÐ Á ÁRINU ER EFTIRMINNI-LEGUST OG HVERS VEGNA?

Umfjöllun um heilbrigðismál og heilbrigðiskerfið af ýmsu tagi, allt frá erlenda starfsfólkinu sem heldur heilbrigðiskerfinu uppi til stöðunnar á Landspítalanum og þá helst bráðamóttökunni þar sem mér tókst að troða persónulegri reynslu inn í sem er vandmeðfarið sem blaðamaður, en stundum nauðsynlegt.

HVERNIG FRÉTTAÁR HELDURÐU AÐ 2025

VERÐI? Ég er engin spákona en er ansi hrædd um að það verði mikið af því sama: stjórnsmál, eldgos og kjaramál? En ég er mjög til í eitthvað nýtt og spennandi.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Menntuð eftir Tara Westover (ég er mikill cult-aðdáandi, eins eðlilegt og það getur talist) og svo er ég mjög spennt að byrja á Kvöldið sem hún hvarf, nýjustu bók Evu Bjargar Ægisdóttur.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA? Ég hlusta mest til að hvíla hugann og þá verða Þarf alltaf að vera grín? og Handkastíð (já ég er handboltanörð) fyrir valinu.

Á HVAD ERTU AÐ HORFA? Heimildamyndina Ibelin, The Diplomat og svo var ég að gera heiðarlega tilraun til að detta aftur inn í Grey's Anatomy sem ég veit ekki hvort að sé sniðugt.



NAFN Nadine Guðrún Yaghi

STARF Forstöðu-

maður samskipta- og markaðsmála

VINNUSTAÐUR PLAY

HVAÐA FRÉTTAMÁL STÓÐ UPP ÚR Á ÁRINU OG HVERS VEGNA?

Hugsa að það sé að ríkisstjórnin hafi sprungið - Ég held að margir hafi átt von á því að það yrði ekki boðað til kosninga fyrr en í vor í fyrsta lagi. Þetta hafði líka áhrif á mig persónulega þar sem maðurinn minn ákvað á örfáum dögum að fara í framboð.

HVAÐA UMFJÖLLUN SEM ÞÚ VANNST AÐ Á ÁRINU ER EFTIRMINNI-LEGUST OG HVERS VEGNA?

Umfjöllun okkar Þórhildar Þorkelsdóttur um Jón Stóra í Eftirmálum, sjónvarpsþáttum sem sýndir voru á Stöð 2. Það var ótrúlegt að ríffa upp karakterinn Jón Stóra sem var rísa fígúra í íslensku samfélagi á árunum 2009 - 2013. Saga Jóns er vægast sagt áhugaverð. Hann var þekktur fyrir að lifa og hræst í undirheimunum, var vændur um fíkniefnasölu og handrukkanir og talaði gjarnan mjög opin-skátt um fíkniefnaneyslu og glæpi sína á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlavíðtölum. Á Facebook-

síðu sinni veitti hann bæði almenningi og fjölmiðlum óvenjulega innsýn inn í undirheima Íslands. Hann lifði hátt og hratt og hristi verulega upp í samfélagsumræðunni. Hann lést árið 2013, 34 ára að aldri.

HVERNIG FRÉTTAÁR HELDURÐU AÐ 2025

VERÐI? Ég held að þetta verði stórt fréttarár. Það mun markast mikið af pólitíska sviðinu og ég held að ný ríkisstjórn muni þurfa að takast á við miklar óvinsældir þar sem verðbólgan mun ekki hjaðna eins hratt og vonir stóðu til. Þá spái ég því að við horfum á eftir stórum karekterum úr pólitíkinni hverfa af sjónarsviðinu.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Bókina Gummi sem Snorri Músson maðurinn minn skrifaði á árinu. Þetta er stórbrotin saga Guðmundar Hafsteinsonar (Gumma) en hann er líklega sá Íslendingur sem hefur náð lengst á framabroti í tækni-geiranum í Kísildal í Kaliforníu. Mér finnst bókin ótrúlega áhugaverð og sérstaklega að lesa um kynni Gumma af mestu áhrifa-mönnum greinar-


innar, eins og Steve Jobs hjá Apple og Mark Zuckerberg hjá Facebook-Meta.

Á HVAD ERTU AÐ

HLUSTA? Ég hlusta alltaf á hlaðvarpsþættina Komið gott. Mér finnst þær Ólöf Skaftadóttir og Kristín Gunnarsdóttir svo ótrúlega skemmtilegar.

Á HVAD ERTU AÐ

HORFA? Ég hef því miður haft lítinn tíma til að horfa á sjónvarp síðustu mánuði. Þegar ég horfi á eitthvað þá eru það fréttir.



NAFN Agnar Már Músson

STARF Blaðamaður

VINNUSTAÐUR

Morgunblaðið

HVAÐA FRÉTTAMÁL STÓÐ UPP ÚR Á ÁRINU OG HVERS VEGNA?

Umfjöllun um stöðu menntakerfisins og hnignandi námsárangur íslenskra barna. Umfjöllunin var áberandi, vakti sterk viðbrögð og skapaði mikilvæga, þó stundum erfiða, umræðu í samfélaginu. Ef ekki hefði

verið fyrir öflugum umfjöllunum fjölmiðla, ekki síst Moggans (blikk blikk) um menntamálin hefðu þau sennilega ekki orðið að eins stóru kosningamáli og þau voru í nýafstöðnum kosningum. Voru kannski í svona 3. sæti á eftir efna-hags-/húsnæðismálum og heilbrigðismálum. Þá má einnig nefna umfjöllun um matarlaginn og Quang Le. Þetta verður sennilega eitt af þeim málum sem verður talað um í áráraðir enda margt þar að kryfja. Við eigum náttúrulega enn eftir að sjá fyrir endann á sögu veitingamannsins og veldis hans, en margt í þessu máli virkaði oft á tíðum fánlegt.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Svínshöfuð eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur.

Á HVAD ERTU AÐ

HLUSTA? Óviss hvort spurt sé um tónlist eða hlaðvarp. Tek bara bæði. Tónlist: The Hellp, Hljómar, Saint Pete. Hlaðvörp: Bakherbergið. Og stundum vinn ég heilastarfsemi minni líka þann óverknað að hlusta á Komið gott.

Á HVAD ERTU AÐ

HORFA? Réttur (2009)

Samkomulag um aðgengi blaðamanna að hættusvæðum

Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna á hamfaratímum við upplýsingaöflun og miðlun upplýsinga. Blaðamannafélagið og Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gerðu með sér samkomulag þann 8. mars, eftir að félagið höfðaði mál gegn ríkinu, sem tryggir aðgengi blaðamanna að hættusvæðinu við Grindavík að ákveðnum öryggissjónarmiðum uppfylltum.

Samkvæmt samkomulaginu við lögreglustjórann hefur BÍ gefið út 50 númeraða passa. 39 eru stílaðir á fimm íslenska fréttamiðla og 11 passar eru til annarra íslenskra fréttamiðla og sjálfstætt starfandi blaðamanna sem starfa við fréttatöflun fyrir fréttamiðla.

Blaðamannafélagið gefur því út aðgangspassa til blaðamanna að neðangreindum skilyrðum uppfylltum sem greiðir aðgang þeirra inn á hættusvæðið og við Grindavík.

Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá samþykktu umsókn um aðgangspassa BÍ að hættusvæðum:

- ❖ Umsækjandi þarf að vera félagsmaður Blaðamannafélags Íslands.
- ❖ Umsækjandi þarf að færa sönnur á að vera að vinna fréttatengt efni eða afla fréttatöflun fyrir fréttamiðil.
- ❖ Sönnunin þarf að vera í formi staðfestingar frá að minnsta kosti einum viðurkenndum fréttamiðli, íslenskum eða erlendum, um að félagsmaður sé sannarlega að vinna fyrir miðilinn við öflun fréttatöflun.
- ❖ Öryggissjónarmið sem þarf að uppfylla skv. tilmælum Lögreglustjórans á Suðurnesjum:
 - ❖ Blaðamenn hafi meðferðis gasmæla (fjörgasmæla).
 - ❖ Blaðamenn hafi meðferðis gasgrímur.
 - ❖ Blaðamenn hafi meðferðis öryggishjálma.
 - ❖ Blaðamenn hafi meðferðis tetra talstöðvar. Talrás SST gulur.



Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri og Flóki Ásgeirsson lögmæður BÍ ræddu aðgengismál fjölmiðla við félagsmenn BÍ á fundi í húsakynnum félagsins 28. febrúar sl. Ljósmynd/Vilhelm Gunnarsson

- ❖ Blaðamenn klæðist gulum vestum sem eru merkt PRESS á framhlið og bakhlið.
- ❖ Blaðamenn hafi meðferðis blaðamannaskírteini sín.
- ❖ Ökutæki verði merkt með skýrum hætti viðkomandi fjölmiðli.

Athugið að blaðamenn starfa ávallt á eigin ábyrgð inn á skilgreindum hættusvæðum og geta þurft að sæta leiðsögn áður en farið er inn fyrir lokunarpósta. Eins getur þurft sérstakt leyfi þegar farið er inn á hættuleg vinnusvæði, sbr. vinnusvæði þungavinnuvéla við gerð varnargarða.

SAMKOMULAG VIÐ ÍSLENSKA RÍKIÐ UM AÐGENGI BLAÐAMANNA

Í kjölfar samkomulagsins við Lögreglustjórann á Suðurnesjum gerðu Blaðamannafélag Íslands og dómsmálaráðuneytið víðtækara samkomulag byggt á ofangreindu. Nær það til aðgengi blaðamanna að svæðum í hættuástandi.

Samkomulagið gildi til áramóta en verið framlengt óbreytt tímabundið. Ef breytingar verða gerðar á útfærslu samkomulagsins eftir samráð BÍ og lögreglustjóra, sem nú stendur yfir, verður félagsmönnum tilkynnt um þær með góðum fyrirvara.

SAMKOMULAGIÐ ER EFTIRFARANDI:

Eftir fund milli forsvarsmanna Blaðamannafélags Íslands og dómsmálaráðuneytisins er ljóst að samhugur er milli aðila málsins um að blaðamenn gegna veigamiklu eftirlits- og upplýsingahlutverki og að ríkar ástæður þurfi til að takmarka tjáningarfrelsi þeirra. Á grundvelli laga um almannavarnir hafa stjórnvöld tiltekna valdheimildir til þess að bregðast við með skjóttum og markvissum hætti þegar hættuástand kemur upp, s.s. að takmarka aðgengi að tilteknum svæðum. Þær takmarkanir sem stjórnvöld kunna að þurfa að setja blaðamönnum í hættuástandi skulu að jafnaði ekki vera meiri en settar eru öðrum viðbragðsaðilum af öryggissjónarmiðum og skulu ennfremur taka mið af sértækum réttindum blaðamanna og hlutverki fjölmiðla. Hinn 8. mars sl. komust Blaðamannafélag Íslands og lögreglustjórinn á Suðurnesjum að samkomulagi um bætt aðgengi fjölmiðla að hamfarasvæðum á Reykjanesi sem tekur mið af þessu.



Vitundarvakning um mikilvægi blaðamennsku

Freyja Steingrimsdóttir skrifar

Fyrir á árinu réðst BÍ í vitundarherferð sem hafði það að markmiði að auka skilning almennings og stjórnvalda á hlutverki og mikilvægi blaðamennsku og öflugra fjölmiðla í samfélaginu. Herferðinni verður haldið áfram á árinu 2025.

Framan af á þessari öld mældist Ísland oftast nær í efstu sætum lista Blaðamanna án landamæra yfir fjölmiðlafrelsi, en í dag stöndum við í 18. sæti á meðan öll hin Nordurlöndin raða sér í efstu sætin. Við höfum flest orðið vör við neikvæða umræðu í garð fjölmiðla hér á landi, fólki finnst þjóðfélagsumræðan gjarnan pólariseruð, upplifir upplýsingaofgnótt og gerir miklar kröfur til blaðamanna að greiða úr óreiðunni. Á sama tíma standa íslenskir fjölmiðlar frammi fyrir miklum áskorunum í samkeppni við erlenda miðla og tæknirisa um áskriftir og athygli fólks, sem og auglýsingatekjur frá fyrirtækjum og stofnunum.

Blaðamannafélag Íslands réðist í sína fyrstu vitundarherferð í vor sem ætlað var að auka skilning almennings og stjórnvalda á hlutverki og mikilvægi blaðamennsku í íslensku samfélagi. Þá var lagt upp með að vekja athygli á þeim áskorunum sem einkareknir fjölmiðlar standa frammi fyrir og hvetja stjórnvöld til aðgerða í þágu öflugri blaðamennsku og sterkari fjölmiðla.

Toppurinn á ísjakanum

Herferð sem þessi krefst talsverðrar undirbúningsvinnu. Stjórn réðist í stefnumótun fyrir félagið með vinnustofu í janúar sl. og opnum fundi félagsmanna. Í kjölfarið voru markmið um árangur sett til næstu fimm ára. Í stuttu máli snúa þau að:

- ❖ Bættum skilningi almennings og stjórnvalda á hlutverki og mikilvægi blaðamennsku
- ❖ Auknum stuðningi almennings og stjórnvalda við frjálsa fjölmiðla
- ❖ Bættri samkeppnisstöðu og uppgangi í rekstri íslenskra fréttamiðla.

Þá var mótuð samfélagsmiðlastefna, útbúinn tónn og stíll fyrir herferðina, ráðist í hönnun, upptökur og áætlanagerð. Ákveðið var að koma skilaboðum til skila án þess að kosta eina einustu auglýsingu á Meta eða Google, fyrst og fremst af prinsipp ástæðum en einnig til að sýna íslenskum auglýsendum fram á að vel sé hægt að ráðast í áhrifamiklar herferðir án þess að auglýsa hjá erlendum tæknirisum.

Til þess að meta áhrif herferðarinnar á

„Sterkt og beinskeytt myndmál kom á framfæri skýrum skilaboðum um málefni sem snertir fólk í dag og hreyfir við því. Það er mikilvægt að fag- og stéttarfélag eins og BÍ taki afgerandi afstöðu með sínu félagsfólki á opinberum vettvangi og tali upp þeirra störf með skipulegum hætti. Kjarni blaðamennsku hefur ekki breyst þrátt fyrir að tímarnir breytist og það þarf sífellt að minna á það.“

- Huginn Freyr Þorsteinsson, ráðgjafi og einn eigenda Aton

viðhorf almennings til blaðamennsku var ákveðið að fá Gallup til að gera könnun áður en herferðin tókst - en sagt er frá niðurstöðum hennar hér annars staðar í blaðinu. Könnunin verður síðan endurtekin árlega á meðan herferðin er í gangi.

Samhent átak félagsmanna

Að ná í gegn án kostaðra auglýsinga á Meta og Google kann að vera krefjandi í hörðu samkeppnisumhverfi um athygli en með samhentu átaki félagsmanna náði herferðin miklu flugi strax frá byrjun. Myndböndin á Facebook fengu rúmlega 50.000 áhorf aðeins með lífrænni dreifingu. Þá vöktu auglýsingar í vefmiðlum, í útvarpi, sjónvarpi og á umhverfisskiltum mikla athygli og umræðu hjá ýmsum hópum samfélags og valdhafa. Þá var ekki síst mikilvægt að brýna blaðamenn í hlutverki sínu, skapa sameiginlegt orðfæri og samstöðu í stéttinni.



Blaðamannafélag Íslands Fyrir upplýst samfélag

Næsti fasi vitundarvakningarinnar var síðan nokkuð óvæntur en hann fólst í því að kalla eftir stefnu stjórnvalda í málefnum fjölmiðla í aðdraganda Alþingis- kosninganna 30. nóvember. Stjórn félagsins samdi áskorun með tíu leiðum til að efla blaðamennsku og styrkja frjálsa fjölmiðla á Íslandi og formaður félagsins tók viðtöl við formenn stjórnvalda um afstöðu þeirra. Í áskoruninni var lögð áhersla á leiðir stjórnvalda til að styrkja rekstrar- grundvöll einkarekinna fjölmiðla og efla samfélagslega mikilvæga blaðamennsku. Samantekt á svörum formanna má finna í samantekt hér í blaðinu.

Vitundarvakningunni verður fram haldið á nýju ári með metnaðarfullu málþingi sem einblínir á lausnir fremur en vandamál þegar kemur að fjárhags- legum stuðningi við fjölmiðla. Félagið fékk úthlutuðum 2.000.000 króna styrk frá

Hvata - styrktarsjóð til verkefna á málefna- sviðum menningar- og viðskiptaráðherra fyrir verkefninu. Mikið hefur verið rætt um aðkomu stjórnvalda, sér í lagi nauðsyn rekstrarstyrkja til einkarekinna fjölmiðla, en minna hefur verið rætt um aðkomu al- mennings og fyrirtækja. Nauðsynlegt er að efla almenning og virkja fyrirtæki til þess að styðja frjálsa fjölmiðla í landinu með ýmsum hætti.

Lögbundið hlutverk félagsins

Blaðamannafélagi Íslands ber að leitast við að hafa áhrif á opinbera stefnu og sam- félagslega umræðu um blaðamennsku, fjölmiðlun og tjáningarfrelsi með öllum tiltækum leiðum. Félaginu ber einnig að standa vörð um ritstjórnarlegt frelsi og sjálfstæði fjölmiðla og um hagsmuni stéttarinnar gagnvart eigendum fjölmiðla, löggjafarvaldi og stjórnvöldum. Þetta




stendur skýrt í lögum félagsins. Lengi vel sinnti BÍ aðeins þeim verkefnum er snúa að kjaratengdum hagsmunum félagsmanna, en lítið sem ekkert þeim verkefnum sem talin eru upp hér að ofan. Ný forysta hefur hins vegar lagt áherslu á að efla hagsmuna- gæslu fyrir hönd blaðamanna, samfélaginu til heilla. Vitundarvakning um mikilvægi blaðamennsku er ein leiðin að því mark- miði.

LYKILSKILABÖÐIN

- ❖ Á tímum upplýsingaóreiðu þar sem allir telja sig fjölmiðil og algóritmar samfélagsmiðla sýna kannski bara eina hlið raunveruleikans, auk þess sem gervigreind rýfur mörkin á milli þess raunverulega og óraunveru- lega.
- ❖ Í aðstæðum þar sem auglýsinga- tekjur streyma úr landi, rekstrar- grundvöllur fjölmiðla er orðinn ósjálfbær og byggist gjarnan á magni fremur en gæðum.
- ❖ Þurfum við að minna á það sem blaðamennska stendur fyrir. Í um- hverfi þar sem blaðamennska fær að blómstra er hún svarið við áskor- unum nútímans. Eflum vitund um mikilvægi blaðamennsku og tilvist öflugra fjölmiðla.
- ❖ Við erum aflið sem dregur saman, setur hlutina í samhengi og greiðir úr óreiðunni. Við komum á framfæri ólíkum sjónarmiðum, setjum fram staðreyndir og skoðum sannleiks- gildi þess sem sagt er. Við erum mikilvægari nú en nokkru sinni fyrr.

HEIMURINN VERÐUR STÖÐUGT ÓREIÐUKENNDARI.
 † ALLS KYNS † SKOÐANIR † OG ÓTAL RADDIR †
 DYNJA Á OKKUR. † VIÐ ÞURFUM ÖLL † AD LEITA
 † STAÐREYNDA, GREINA † KJARNA MÁLS †
 OG † META ÓLÍK † SJÓNARMÍÐ. UPPLÝST SAMFÉLAG
 † ÞARF † FAGLEGA † BLAÐAMENNSKU, †
 SEM † SETUR † HLOTUNA † Í SAMHENGNI † OG
 † SKÝRIR ÞÁ, † MEÐ HAG † ALMENNINGS
 † AD LEIÐARLJÓSI. †

BLAÐAMENNSKA HEFUR ALDREI VERIÐ MIKILVÆGARI.



Úr myndbandinu „Dagur í lífi blaðamanns“ (<https://www.youtube.com/@bladamannafelagislands>). F.v.: Fanndís Birna Logadóttir, Helgi Seljan og Þorsteinn Ásgrímsson.



Formenn flokkanna sammála um mikilvægi blaðamennsku

Sigríður Dögg Auðunsdóttir skrifar

Ljósmyndir: Guðmundur Bergkvist

Blaðamennska er ekki aðeins samfélagslega mikilvæg heldur lífsnauðsynleg fyrir lýðræðið. Fjölmíðlar eru mikilvægari en nokkru sinni og þurfa að hafa bolmagn til að geta fjallað með óháðum hætti um stór og mikilvæg málefni og veitt aðhald. Alls staðar þar sem vegið er að fjölmíðlum er lýðræði skert og lífsgæði dvína. Þetta kemur fram í viðtölum BÍ við formenn stjórnvaldaflokkanna sem tekið var við þá þegar formaður og framkvæmdastjóri félagsins afhentu þeim áskorun stjórnar um að formennirnir og stjórnvaldaflokkarnir beiti sér fyrir því að að skapa umhverfi og aðstæður hér á landi þannig að öflugir, sjálfstæðir og frjálsir fjölmíðlar fái hér þrífist í þágu almennings og lýðræðis.

Formennirnir segja einnig að samfélagið þurfi flóru af öflugum, óháðum fjölmíðlum. Styrkja þurfi fjölmíðla og efla umhverfi þeirra þannig að þeir geti stundað öfluga blaðamennsku. Þá þurfi að lækka skatta á fjölmíðla, draga úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði og koma á öflugra og fjölbreyttara styrkjaumhverfi fyrir blaðamennsku og fjölmíðla.

Í áskorun BÍ til stjórnvaldaflokka segir m.a.: „Fjölbreytt, frjálst og öflugt fjölmíðla-

umhverfi er grundvöllur lýðræðislegrar umræðu og samfélags. Aukin skautun í opinberri umræðu og upplýsingaóreiða gerir það að verkum að aldrei hefur verið meiri þörf fyrir vandaða blaðamennsku. Á tímum sem algóritmar samfélagsmiðla sýna kannski bara eina hlið raunveruleikans, gervigreind rýfur mörkin milli þess raunverulega og óraunverulega, erlend glæpasamtök reyna að hafa áhrif á lýðræðislegar kosningar víða um heim og

grafa undan samfélagslega mikilvægum stofnunum, hafa hefðbundnir fjölmíðlar verið að veikjast. Traustir fréttamiðlar sem ástunda fagleg vinnubrögð eru mikilvægasta vörnin gegn þessum hættum.“

Formenn allra stjórnvaldaflokka tóku við áskoruninni formlega, að undanskilinni Ingu Sæland, formanni Flokks fólksins, sem gaf ekki kost á viðtali. Hér er það helsta úr viðtölum við formenn þeirra flokka sem hlutu fulltrúa á Alþingi.



Sigurður Ingi Jóhannsson:



Mikilvægt að styrkja staðarmiðla sérstaklega

„Sjálfstæðir óháðir fjölmíðlar eru gríðarlega mikilvægir lýðræðinu og frjálsum skoðanaskiptum. Og ég hef áhyggjur af því hvernig staðan er á Íslandi. Vaxandi pólarisering, skautun í fjölmíðlum líka en ekki síst í samfélaginu, og einfaldlega stöðu fjölmíðlanna á Íslandi,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins.

„Við höfum haft frumkvæði að því síðustu ár að styrkja sjálfstæða fjölmíðla með fjárframlögum úr ríkissjóði, ekki alltaf við samhljóða undirtektir allra, og við munum auðvitað halda því áfram. Okkur finnst það mikilvægt,“ segir Sigurður Ingi. „Ég tel líka mikilvægt að horfa til staðarmiðla í meira mæli heldur en við höfum gert. Mér finnst það skorta á Íslandi, umræðan verður svolítið höfuðborgarmiðuð og það er lítil umræða innan héraða vegna þess að fjölmíðlar þar eru orðnir mjög veikir,“ segir hann. „Í þriðja lagi þá er auðvitað yfirburðastaða RÚV stöðugt til umfjöllunar. Við höfum verið þeirrar skoðunar að það þurfi að takmarka mátt þeirra á auglýsingamarkaði en við höfum hins vegar áhyggjur af því ef að þær myndu hætta að auglýsingatekjur myndu í stórum mæli leita erlendis. Það myndi ekki styrkja íslenskan fjölmíðlamarkað þannig að útfærslan á þessu er eftir og þarf að ræðast betur,“ segir Sigurður Ingi.

Kristrún Frostadóttir:



Aðgerðir til eflingar blaðamennsku lykilatriði í málefnsamningi

„Frjálsir fjölmíðlar eru ofboðslega mikilvægir í lýðræðissamfélagi. Það er ekki að ástæðulausu fyrir að þetta er oft kallað fjórða stoðin og þeir verða að hafa nægt bolmagn til þess að fjalla með óháðum hætti um stór og mikilvæg málefni. Blaðamenn þurfa að geta verið spegill á samfélagið en líka að veita stjórnvöldum

og atvinnulífi og hagsmunaaðilum í samfélaginu aðhald,” segir Krístrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar.

Krístrún segir að grípa megi til ýmissa aðgerða til að efla faglega blaðamennsku. „Ég held að allir sem hafi fylgst með rekstrarumhverfi fjölmiðla viti að það verður að efla það. Það má til dæmis nefna að það þarf að skattleggja tæknirisana Facebook og Google til þess að það sé einhver jafnræðisgrundvöllur í fjölmiðlun. Í öðru lagi væri meðal annars hægt að nýta ágóðann af þessu til þess að styrkja betur umhverfi einkarekinna fjölmiðla. Þetta auðvitað skiptir lykilmáli í að efla íslenskuna og halda á lofti íslenskrum fjöllun,” segir Krístrún. „Og í þriðja lagi þá held ég að hið opinbera þurfi líka að líta sér nær, velta því

Valkyrjur lofa ákvæðum um eflingu fjölmiðla í stjórnsáttmála

Krístrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, voru sammála um að blaðamennska og frjálsir, öflugir fjölmiðlar gegni lykilhlutverki í lýðræðissamfélagi og nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða svo fjölmiðlar hafi nægilegt bolmagn til þess að veita stjórnvöldum, atvinnulífi og hagsmunaaðilum í samfélaginu aðhald. Inga Sæland sá sér ekki fært að veita viðtal. Krístrún og Þorgerður hétu því báðar að ákvæði um eflingu blaðamennsku og fjölmiðla muni rata inn í málefnaþingning ríkisstjórnar ef þær kæmst í þá stöðu að mynda stjórn að loknum kosningum. Meðal þeirra aðgerða sem Krístrún og Þorgerður nefna eru:

- ❖ Erlendir tæknirisar á borð við Google og Facebook skattlagðir - og skatttekjur renna til íslenskra fjölmiðla
- ❖ Sérstakir nýsköpunarstyrkir til fjölmiðla
- ❖ Jafnræði hjá hinu opinbera í kaupum á fjölmiðlaáskriftum og kaupum á auglýsingum með áherslu á íslenska fjölmiðla
- ❖ Sérstakir styrkir til rannsóknarblaðamennsku
- ❖ Áfram styrkir til einkarekinna miðla að norrænni fyrirmynd
- ❖ Skoða takmörkun á sölu RÚV á auglýsingum án þess að veikja RÚV

fyrir sér hvaða áskriftir það er að kaupa, hvar það er að auglýsa og það sé jafnræði í því samhengi og það sé fókus á íslenska fjölmiðla vegna þess að þarna er verið að nota skattfé og það þarf auðvitað að renna inn í íslenskt samfélag,” segir Krístrún.

Aðspurð segist hún muni beita sér fyrir því að ofangreind atriði rati inn í málefnaþingning ríkisstjórnar, komist hún í þá stöðu. „Það verður lykilatriði hjá okkur að efla íslenska fjölmiðlun vegna þess að þetta er bara svo mikilvægur hluti af lýðræðissamfélagi, þannig já við munum beita okkur fyrir því,” segir Krístrún.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:



Lægri skattar heppilegri en ríkisstyrkir

„Blaðamennska hefur alltaf verið mikilvæg og jafnvel enn mikilvægari nú en áður þegar við erum komin með samfélagsmiðla sem eru auðvitað farnir að hafa mikil áhrif á umræðuna,” segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins. „En þá er það þeim mun mikilvægara að hefðbundnu fjölmiðlarnir virki sem mótvægi við það sem stundum geta verið falsfréttir. Fólk hefur ekki hugmynd um hvað er rétt og rangt á samfélagsmiðlunum, þess vegna þurfa hefðbundnir fjölmiðlar að temja sér ákveðna hlutlægni því ef þeir birtast sem áróðursmiðlar þá fá falsfréttirnar meira vægi af því að þá fer fólk að leita annað,” segir hann.

Sigmundur Davíð telur skattalækkningar heppilegri en beinir ríkisstyrkir til einkarekinna fjölmiðla og segir Miðflokkinn vilja að fólk geti ráðstafað greiðslum sínum sem hingað til hafa eingöngu runnið til Ríkisútvarpsins til annarra fjölmiðla. „Við leggjum til dæmis til að fólk geti ráðstafað

greiðslum sínum sem að fram að þessu hafa eingöngu farið í Ríkisútvarpið til að einhverju leyti annarra miðla og það er bara lýðræðislegt að fólk geti valið hvaða miðla það styður. Nú ég tel líka að það eigi að styðja við íslenska fjölmiðla. Til dæmis með lægri sköttum frekar en beinum ríkisstyrkjum. Ég hef efasemdir um að gera alla fjölmiðla háða ríkisstyrkjum,” segir hann.

Sigmundur Davíð telur einnig mikilvægt að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fjölmiðla gagnvart erlendum tæknirisum, til dæmis með skattlagningu. „Svo þarf að bæta stöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum, til dæmis varðandi auglýsingar. Það er ekki gott að íslenskir fjölmiðlar þurfi að keppa við Google og Facebook án þess að það sé jafnræði þar á milli,” segir Sigmundur Davíð. Aðspurður segist hann muni beita sér fyrir að þau atriði sem hann nefnir rati í málefnaþingning nýrrar ríkisstjórnar komist hann í þá aðstöðu að mynda hana.

Bjarni Benediktsson:



Stuðningur við RÚV má ekki skyggja á fjölmiðla-markaðinn

„Alls staðar þar sem að vegið er að fjölmiðlum er lýðræði skert og lífsgæði fara dvínandi í þeim löndum. Þannig að fjölmiðlafrelsi og blaðamennska, þetta eru grundvallarþættir í okkar lýðræðisríki,” segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.

Bjarni segir mikilvægt að tryggja að starfsumhverfi frjálsra fjölmiðla sé sanngjarnt og eðlilegt. „Að við til að mynda



Flokkur/ formaður	Um mikilvægi blaðamennsku	Tillögur til stuðnings blaðamennsku	Um styrki til einkarekna miðla	Vilja ákvæði um fjölmiðla í málefnasamning ríkisstjórnar?
Samfylkingin / Kristrún Frostadóttir:	Friðsír fjölmiðlar eru fjórða stoðin og lyklatríði í að veita stjórnvöldum og samfélaginu aðhald.	<ul style="list-style-type: none"> Skattlagning tæknirisa og nota ágóðann til að styrkja einkarekna fjölmiðla. Jafnræði í auglýsingum og fjölmiðlaáskriftum hins opinbera og áhersla á íslenska fjölmiðla. 	Vill styrkja betur einkarekna miðla, til að mynda með ágóða af skattlagningu tæknirisa.	Já. Eru í stjórnar- myndunarviðræðum
Viðreisn / Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir:	Blaðamenn gegna lykilhlutverki í lýðræðissamfélagi og varpa ljósi á mikilvæg mál sem ella hefðu legið í þagnargildi.	<ul style="list-style-type: none"> Fara sömu leið og Norðurlöndin, sem hafa lengi verið með ríkisstyrki til fjölmiðla. Endurskoða stöðu RÚV á auglýsingamarkaði, án þess að veikja RÚV. - Veita nýsköpunarstyrki til fjölmiðla og blaðamanna og styrkja rannsóknarblaðamennsku. 	Vill halda áfram með ríkisstyrki a.m.k. tímabundið og meta síðan árangur þeirra. Styrkja eigi sérstaklega rannsóknarblaðamennsku og nýsköpun í fjölmiðlum.	Já. Eru í stjórnar- myndunarviðræðum
Sjálfstæðisflokkurinn / Bjarni Benediktsson:	Alls staðar þar sem vegið er að fjölmiðlum er lýðræði skert og lífsgæði fara dvinandi í þeim löndum. Fjölmiðlafrelsi og blaðamennska eru grundvallarþættir í okkar lýðræðisríki.	<ul style="list-style-type: none"> Jafna stöðu einkarekna fjölmiðla og erlendra miðla. Draga úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði til að skapa sanngjarna samkeppnisstöðu fyrir einkarekna miðla. Beinir eða óbeinir ríkisstyrkir til einkarekna fjölmiðla. 	Stuðningur af einhverju tagi, hvort sem hann er beinn eins og með styrkjunum eða óbeinn með því að skapa meira rými fyrir söfnun auglýsinga.	Já
Miðflokkurinn / Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:	Blaðamennska hefur alltaf verið mikilvæg og jafnvel enn mikilvægari nú en áður. Hefðbundnir fjölmiðlar eru mikilvægt mótvægi gegn falsfréttum.	<ul style="list-style-type: none"> Lægri skattar fyrir fjölmiðla frekar en beinir ríkisstyrkir. Jafna samkeppnisstöðu við erlenda miðla hvað varðar auglýsingar og skattlagningu. Almenningur fái val um til hvaða fjölmiðils útvarpsjald renni. 	Vill lækka skatta á fjölmiðla fremur en veita beina ríkisstyrki til einkarekna fjölmiðla.	Já
Framsóknarflokkurinn / Sigurður Ingi Jóhannsson:	Sjálfstæðir óháðir fjölmiðlar eru gríðarlega mikilvægir lýðræðinu og friðsulum skoðanaskiptum.	<ul style="list-style-type: none"> Styrkja einkarekna miðla. Skoða hlut RÚV á auglýsingamarkaði. Styrkja staðarmiðla á landsbyggðinni. 	Stuður ríkisstyrki til að efla fjölbreytni og vill styrkja staðarmiðla á landsbyggðinni sérstaklega.	Já

göngum ekki svo langt í stuðningi við Ríkisútvarpið að það varpi skugga yfir allan fjölmiðla-markaðinn. Að það verði ekkert eftir til þess að safna í auglýsingafé eða áskriftir eða annað vegna þess að svo mikill sé styrkur Ríkisútvarpsins. Þannig að mér finnst vanta betra jafnvægi á milli starfsemi Ríkisútvarpsins og umsvifa Ríkisútvarpsins og annarra þeirra sem starfa á markaðnum." Hann segir ríkisstyrki til einkarekna fjölmiðla hafa verið ákveðna tilraunastarfsemi. „Við höfum verið með talsvert mikla stuðningsstyrki við einkarekna fjölmiðla, meðal ann-



ars út af COVID og hamförum sem við höfum gengið í gegnum í tengslum við það og stöndum núna á ákveðnum tímamótum varðandi það að ákveða til lengri tíma hvernig við ætlum að gera þetta. Ég tel að það verði ekki hægt að bæta rekstrarumhverfi frjálsu fjölmiðlanna án þess að spyrja spurninga varðandi umfang, umsvif Ríkisútvarpsins, þar með talið á auglýsingamarkaði,” segir Bjarni.

„Sumir segja að auglýsingar muni, ef við þrengjum að Ríkisútvarpinu bara fara til Facebook og YouTube og annarra slíkra aðila sem eru reyna að selja auglýsingar á Íslandi. Það kann að vera. En er ekki prinsippið samt sem áður gríðarlega mikilvægt? Að innlendu frjálsu fjölmiðlarnir einkareknu hafi að minnsta kosti jafnt tækifæri og þessir aðilar til þess að sækja það auglýsingafé?“ spyr Bjarni. Aðspurður hvort þurfi að skattleggja erlendu tæknirisana segist hann telja þá eiga að skrá sig hér á landi og skila virðisaukaskatti af þjónustu sem þeir eru að selja hér.

Bjarni segir mikilvægt að tekið sé á þessum málum strax í málefнасamning nýrrar ríkisstjórnar. „Málið er ekkert að fara frá okkur og ríkisstjórn sem hugar ekki að þessu í upphafi kjörtímabilsins hún mun þurfa að fást við það þegar að komið er inn í kjörtímabilið.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir:



Vill sérstaka styrki til rannsóknarblaðamennsku

„Ég myndi vilja sjá ákveðnar kröfur um nýsköpun og ótroðnar slóðir innan blaðamennsku því fjölmiðlaheimurinn hefur gott af nýsköpun eins og önnur svið í samfélaginu, svo ég myndi vilja sjá styrkingu og eflingu á því sviði,” segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar. Hún segir vöntun á nýsköpunarstyrkjum tengdum blaðamennsku, sér í lagi rannsóknarblaðamennsku.

Þorgerður vill horfa til hinna Norðurlandanna þegar kemur að stefnumótun í málaflökki fjölmiðla og telur nauðsynlegt að halda áfram með ríkisstyrki til einkarekinna fjölmiðla, a.m.k. tímabundið. „Norðurlöndin eru búin að feta sig svoltið áfram í þessu og við eigum að fara

svipaðar slóðir. Að mínu mati þurfum við halda áfram tímabundið með ríkisstyrki og svo sjáum við hvernig það er að gefast. Við þurfum flóru af fjölmiðlum, við þurfum ólíka fjölmiðla og við þurfum óháða fjölmiðla,” segir Þorgerður. „Viðreisn vill einnig skoða Ríkisútvarpið þegar kemur að auglýsingahlut þess, ekki til þess að veikja Ríkisútvarpið, bara þannig að við höfum það á hreinu, en það er til þess að styrkja líka lýðræðishlutverk sjálfstæðra, óháðra fjölmiðla,” heldur hún áfram.

Þorgerður segir blaðamenn gegna lykilhlutverki í lýðræðissamfélagi. „Við sjáum það að síðustu misseri og ár að fjölmiðlar, ekki síst sjálfstæðir óháðir fjölmiðlar, hafa verið að fletta ofan af ýmsum málum sem ellegar hefðu legið í þagnargildi. Slíkt er alveg ómetanlegt.“

Þorgerður segist aðspurð muni beita sér fyrir því að þau atriði sem hún nefnir rati inn í málefнасamning nýrrar ríkisstjórnar, komist hún í þá stöðu að mynda ríkisstjórn.

„Já, alveg tvímælaust,” segir hún. Eitt það sem skipti hvað mestu máli í störfum stjórnarmálanna er að meta hvað best sé fyrir samfélagið. „og eitt það mikilvægasta eru öflugir fjölmiðlar sem hafa burði til þess að veita okkur aðhald. Þannig að stutta svarið er já, þetta mun fara inn í ríkisstjórnarsáttmála ef við verðum í stöðu til þess að ráða því.“



Blaðamennska hefur aldrei verið mikilvægari

Áskorun Blaðamannafélags Íslands til stjórn- málaflokka fyrir Alþingiskosningar 2024

Blaðamannafélag Íslands sendi stjórn-
málaflokkum áskorun um að þeir beiti sér fyrir því að skapa umhverfi og aðstæður hér á landi þannig að öflugir, sjálfstæðir og frjálsir fjölmiðlar fái hér þrífist í þágu almennings og lýðræðis. Í henni var að finna tíu tillögur til eflingar blaðamennsku. Lengri útgáfu áskorunarinnar má finna á press.is/askorun



Ljósmynd: Anton Brink

Tíu tillögur BÍ til eflingar blaðamennsku

**1 AUKINN OPINBER
STUÐNINGUR TIL
EINKAREKINNA MIÐLA**
Nauðsynlegt er að auka það fé sem veitt er til einkarekinna fjölmiðla til samræmis við hlutfallið á hinum Norðurlöndunum, endurskoða úthlutunarreglur svo stuðningurinn nýtist sem best og gera úrræðið varanlegt svo fjölmiðlum sé tryggður fyrirsjáanleiki í rekstri.

**2 RÚV AF AUGLÝSINGA-
MARKAÐI**
Lagt er til að taka RÚV af auglýsingamarkaði sem BÍ telur nauðsynlegt sem BÍ telur nauðsynlegt skref í átt til hagfelldara rekstrarumhverfis fyrir einkarekna fjölmiðla. BÍ leggur þó höfuðáherslu á að rekstur stofnunarinnar verði tryggður með auknum fjárveitingum úr ríkissjóði sem vega á móti tekjutapi.

**3 SÉRSTAKUR STUÐN-
INGUR VIÐ SAM-
FÉLAGSLEGA MIKILVÆGA
BLAÐAMENNSKU**
BÍ hefur stofnað til sérstaks samfélagssjóðs til eflingar samfélagslega mikilvægrar blaðamennsku, Glætuna, að erlendra fyrirmynd. BÍ mun styrkja sjóðinn um tiltekna upphæð árlega en til að hann verði nægilega burðugur til að uppfylla hlutverk sitt er nauðsynlegt að komi til opinbert fjármagn.

**4 NÝSKÖPUNARSTYRK-
UR FYRIR FJÖLMIÐLA**
Mikilvægt er að stuðla að því að fjölmiðlar geti þróast í takt við breytt samkeppnisumhverfi, tækninýjungar og breyttar neysluvenjur. Mikilvægt að ríkið stígi inn í með nýsköpunarstyrki fyrir fjölmiðla og stuðli að því að þeir geti nýtt nýja tækni til jafns við erlenda keppinauta.

**5 HAGFELLDARA
SKATTAUMHVERFI
FYRIR FJÖLMIÐLA**
Meðal þeirra aðgerða sem beitt er annars staðar á Norðurlöndum, og víðar í heiminum, til styrktar einkareknum fjölmiðlum eru ýmis konar skattaafslættir. Afnema mætti virðisaukaskatt áskrifta hjá öllum tegundum fréttamiðla. Þá gefur hin alvarlega staða í rekstrarumhverfi fjölmiðla tilefni til þess að fjölmiðlum sé veitt undanþága frá greiðslu tryggingagjalds.

6 LAGALEG VERND OG RÉTTINDI BLAÐAMANNA TRYGGÐ

Mikil og brýn þörf er að ráðast sem fyrst í aðgerðir til að tryggja lagalega vernd og réttindi blaðamanna við störf. Tryggja þarf með lögum að blaðamenn fái flýtimeðferð í málum þar sem þeir eru til rannsóknar svo auka megi vernd blaðamanna gegn tilhæfulausum málsóknum eða rannsóknum.

7 AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM OG VETTvangi

Friðst og auðvelt aðgengi að opinberum gögnum og öðrum upplýsingum stjórnvalda er grundvallarþáttur í lýðræðis-samfélagi og til að styrkja tjáningarfrelsi. Ísland á að vera í fararbroddi í upplýsingarétti á heimsvísu. Mikilvægt er að útvíkka gildissvið upplýsingalaga og endurskoða undanþáguákvæði til að tryggja að almannahagsmunir séu hafðir í forgrunni. Jafnframt er nauðsynlegt að auka málshraða og stuðning við stofnanir við framkvæmd laganna. Þá þarf að festa í lög hlutverk blaðamanna í almanna-

varnaástandi til að tryggja að blaðamenn geti sinnt upplýsingahlutverki sínu í þágu almennings, enda ríkir um það samhugur milli ríkis og BÍ, skv. samkomulagi frá 4. apríl sl.

8 FJÖLMIÐLASTEFNA STJÓRNVALDA

Stefnumótun í málaflokki fjölmiðla er grundvöllur árangurs. Ráðherra menningar- og viðskiptamála lagði fram drög að tillögu til þingsályktunar um fjölmiðlastefnu og aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla til 2030 en mikilvægt er að hún sé unnin áfram í næstu ríkisstjórn og komist til umræðu og samþykktar á Alþingi sem fyrst.

9 GREIÐSLUR ERLENDRA TÆKNIRISA TIL FJÖLMIÐLA

Sívaðandi hlutdeild erlendra tæknirisa í auglýsingamarkaði á Íslandi er verulegt áhyggjuefni. Nauðsynlegt er að skattleggja tekjur erlendra fyrirtækja af íslenskum auglýsingum og áskriftum og jafna þannig samkeppnisstöðu íslenskra fjölmiðla gagnvart þeim. Þá eru einnig fordæmi fyrir því að erlendir tæknirisar greiði höfundaréttargreiðslur fyrir dreifingu á ritstýrðu efni. Tekjur af slíkri skattlagningu ættu að renna óskert til stuðnings íslenskra fjölmiðla.

10 KAUP HINS AUGLÝSINGUM Á OPINBERA Á AUGLÝSINGUM

Það ber vott um skilningsleysi á mikilvægi íslenskra fjölmiðla fyrir lýðræðislega umræðu að stjórn-málaflokkar og opinberar stofnanir og ríkisfyrirtæki skuli verja æ hærra hlutfalli auglýsingafjármagns til birtingar auglýsinga á erlendum miðlum. BÍ skorar á stjórn-málaflokkana og stjórnvöld að setja skilyrðislausar takmarkanir á auglýsingum frá hinu opinbera í erlendum miðlum.



Ljósmynd/Golli



Samstaða um breytingar

Freyja Steingrímsdóttir skrifar

Ljósmyndir: Anton Brink

Árið 2024 hefur verið viðburðaríkt og oft stormasamt. Blaðamenn hafa þurft að takast á við stóratburði eins og sex eldgos, kosningar innanlands og erlendis, verkföll og stríðsátök í Úkraínu og Gaza. Nútímavæðing og umbreytingar hafa einkennt starfsemi félagsins.

Samhliða fréttaflokkunum af stóratburðum og átökum hafa blaðamenn fjallað um fjallað um viðkvæm málefni tengd óvenju mörgum banaslysum og manndrápum, auk daglegs fréttaflokkunar af sakamálum, menningu og viðskiptum svo eitthvað sé nefnt. Árið hefur einnig verið erilsamt hjá Blaðamannafélagi Íslands og hefur fjöldi félagsmanna lagt sitt af mörkum í því uppbyggingarstarfi sem hefur átt sér stað.

Nýr kraftur í starfið

Umbreytingar og nútímavæðing í öllum rekstri og starfsemi félagsins, öflugt félagsstarf og kraftmikil hagsmunagæsla gagnvart stjórnslu og stjórnáttum ein-kennandi starfsárið. Í apríl fengu formaður og stjórn félagsins endurnýjað umboð með afgerandi stuðningi. Þau settu fram metnaðarfulla starfsáætlun og hafa fylgt henni fast eftir. Kjarasamningar voru undirritaðir í maí þar sem samninganefnd náði að knýja fram tímabærar kjarabætur fyrir félagsmenn umfram það sem samið

var um á almennum markaði. Vel heppnaðri vitundarvakningarherferð um mikilvægi blaðamennsku var hrint úr vör til að hafa áhrif á samfélagslega umræðu. Henni var fram haldið í aðdraganda Alþingiskosninga 2024 með áskorun stjórnar og viðtölum við formenn stjórnáttaflokka til að draga fram hvaða aðgerðir þeir teldu nauðsynlegar til að efla blaðamennsku og fjölmiðla í landinu. um mikilvægi og eflingu blaðamennsku. Lagt var upp með að tryggja að loforð um hagsmunamál blaðamanna rati inn í stjórnarsáttmála næstu ríkisstjórnar. Þá var fundað reglulega með ráðherra menningarmála á árinu um fjölmiðlastefnu og -styrki og með starfsmönnum dómismálaráðuneytisins, lögreglustjóranum á Suðurnesjum og Almannavörnum um aðgengi blaðamanna að hættusvæðum. Einnig var gerð könnun um þarfir og áhuga félagsmanna á fræðslu og endurmenntun á vegum félagsins sem nýtt var til fræðsluáætlanagerðar sem verður hrint í framkvæmd á nýju ári.



VIÐBURÐIR Á ÁRINU 2024

- ❖ Opinn félagsfundur - stefnumótun BÍ til framtíðar
- ❖ Opinn félagsfundur - kynning á vitundarherferð
- ❖ Hádegisverðarfundur með Anya Schiffrin, forstöðumanni tækni, fjölmiðla- og samskiptadeildar School of International and Public Affairs
- ❖ Blaðamannaverðlaun fyrir árið 2023 haldin á Kjarvalsstöðum
- ❖ Verðlaunaafhending Blaðaljósmyndarafélags Íslands fyrir myndir ársins
- ❖ Minningarstund um fallna blaðamenn á Gaza
- ❖ Pressukvöld um aðgengismál fjölmiðla með Úlfari Lúðvíkssyni
- ❖ Pressukvöld um fjölmiðlaumfjöllun um sjálfsvíg og geðsjúkdóma
- ❖ Pressukvöld um tilhæfulausa rannsókn á blaðamönnum
- ❖ Trúnaðarmannafræðsla í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu
- ❖ Aðalfundur 2023
- ❖ Framhaldsaðalfundur 2023
- ❖ Nýliðanámskeið
- ❖ Námskeið fyrir BA-nema í blaðamennsku
- ❖ Hópefli allra stjórnarmanna og starfsfólks BÍ: aðalstjórn, stjórnir sjóða og blaðaljósmyndara
- ❖ Föstudagskaffi á hverjum föstudegi kl. 11 opið öllum félagsmönnum



Góður félagsskapur

Ekki er hægt að segja annað en að félagsmenn BÍ séu litríkur og hugvitsamur hópur sem er alltaf nokkuð fjör í kringum og hefur verið gaman að kynna betur í nýju hlutverki mínu síðustu mánuði. Markmið okkar hjá BÍ er að félagið sé sameiginlegur vettvangur fyrir félagsmenn til að hittast utan vinnu, þvert á

vinnustaði til að sækja sér fræðslu, læra af reynslu annarra, fá hugmyndir og leggja sitt af mörkum með hagsmuni blaðamanna og almennings að leiðarljósi. Lögð hefur verið áhersla á að efla félagsstarf til muna. Fyrir utan hefðbundin pressukvöld og félagafundi voru fyrr á árinu fengnir til landsins erlendir sérfræðingar til að deila þekkingu sinni, haldið var nýliðanám-

skeið, trúnaðarmannafræðslu komið á fót, tekið var á móti blaðamannanemum og blaðamannaverðlaunin haldin með breyttu sniði í beinni útsendingu svo eitt-hvað sé nefnt.

Starfsemi sem stenst nútíma-kröfur

Skrifstofa BÍ hefur staðið í umfangsmiklum og nauðsynlegum endurbótum á starfsemi félagsins á árinu. Meðal þeirra eru:

- ❖ Nýjar reglur og umgjörð tryggja gagnsæi og sjálfbærni sjóða og að vel sé hugsað um fjármuni og eignir félagsins.
- ❖ Stafrænt skjalavörslukerfi og nýtt styrkumsóknarkerfi eykur skilvirkni og tryggir gagna- og persónuvernd.
- ❖ Ný fjárfestingastefna tryggir viðunandi ávöxtun fjármuna félagsmanna.
- ❖ Yfirferð á tölvukerfum félagsins eykur netöryggi og lækkar kostnað.

FÉLAGARNIR



NAFN Heimir Hannesson

STARF Samskiptastjóri

VINNUSTAÐUR Þjóðkirkjan

HVAÐA FRÉTTAMÁL STÓÐ UPP ÚR Á ÁRINU OG HVERS VEGNA?

Þessi „hefðbundnu“ mál auðvitað (forseta-kosningar, þingkosn-

ingar, skítaveður), þá stendur umfjöllun um umfangsmikið man-salsmál Quang Le upp úr.

HVERNIG FRÉTTAÁR HELDURÐU AÐ 2025 VERÐI?

Ný ríkisstjórn verður uppspretta fréttu - en það verður einnig fróðlegt að fylgjast með fréttum af fólki sem þekkir ekkert annað en pólítískt líf í meirihluta fótta sig í stjórnarand-stöðu. Annars er ég að vanda uppfullur bjartsýni og von-góður um flaum

jákvæðra fréttu á nýju ári.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Ég er afsþyrnu lélegur skáldsög-uneytandi og lengi langað að breyta því. Núna er ég kominn með þrileikinn hans Hallgríms Helga í hendurnar og hlakka mikið til að byrja!

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA?

Útvarps-messu, að sjálfsgöðu. **Á HVAD ERTU AÐ HORFA?** Ég er að vinna mig í gegnum myndina The Longest Day í hundradasta

sinn - sem eiginkona mín kallar reyndar The Longest Movie.



NAFN Jakob Bjarnar Grétarsson

STARF Blaðamaður

VINNUSTAÐUR Vísir

HVAÐA FRÉTTAMÁL STÓÐ UPP ÚR Á ÁRINU OG HVERS VEGNA? Ég

hugsa að það hljóti að vera hnignun ríkisstjórnarinnar sem endaði með slitum hennar og kosningum.

HVAÐA UMFJÖLLUN SEM ÞÚ VANNST AÐ Á ÁRINU ER EFTIRMINNILEGUST OG HVERS VEGNA?

Úfff... þau eru svo mörg. Fyrirætlanir Heidelberg í Þorlákshöfn bara til að segja eitthvað. Afar margslungið mál.

HVERNIG FRÉTTAÁR HELDURÐU AÐ 2025 VERÐI?

Það verður sturlað.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Manufacturing Consent eftir Edward S. Herman og Noam Chomsky.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA?

Akkúrat núna? Fréttir á Stöð 2. En ef þú ert að meina hlaðvarp þá hlusta ég á hvert orð sem fellur í Komið gott og reyni að tileinka mér talsmátann.

Á HVAD ERTU AÐ HORFA?

Ég fylgist spennur með þáttaröðinni Bannað að hlæja með Audda á Stöð 2.

Föstudagskaffi

ALLA FÖSTUDAGA KL 11-12

Ertu hætt/ur að vinna, í fæðingarorlofi, á milli verkefna eða átt lausa stund og langar að gæða þér á kaffi og kleinum og ræða málefni líðandi stundar í góðum félagsskap?

Vertu þá velkomin/n í föstudagskaffi Blaðamannafélag Íslands. Við verðum með heitt á könnunni frá kl. 11-12 hvern föstudag í húsnæði félagsins, Síðumúla 23. Gott aðgengi er fyrir hreyfihamlaða og barnavagna og leikhorn fyrir börn.



VISSIR ÞÚ...

...að þú færð 1,8 klst í frí fyrir hvern unninn yfirvinnutíma ef samið hefur verið um að greiða skuli yfirvinnu með frí á móti?

**ÞEKKTU
RÉTT ÞINN**



Nánar á press.is/thekktu-rett-thinn

FRÉTTIR

Félagatal BÍ tekið úr birtingu í samræmi við landslög

Félagatal BÍ var tekið úr opinberri birtingu í september sl. þar sem birtingin gekk gegn lögum um persónuvernd að álitu lögmanns BÍ og forstjóra Persónuverndar. Minnisblað Landslaga sem eldri félagsmenn létu vinna og sendu stjórn félagsins um birtingu félagatals staðfestir þessa ákvörðun stjórnar.

Í lögum BÍ má finna ákvæði um að birta skuli félagatalið og var því ákveðið að leggja fram tillögu þess efnis á framhaldsaðalfundi í september að ákveðið yrði fellt brott úr lögum. Var tillagan felld og stendur ákvæðið því óbreytt í lögum félagsins þrátt fyrir að birtingin sé óheimil samkvæmt landslögum. Til að fá staðfestingu á álitu lögmanns BÍ eftir niðurstöðu framhaldsaðalfundar leitaði formaður félagsins eftir álitu Helgu Þórisdóttur, forstjóra Persónuverndar, á því hvort áframhaldandi birting félagatals BÍ bryti gegn lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Staðfesti Helga álit lögmanns BÍ um að taka beri félagatalið úr opinberri birtingu enda gangi landslög frammar lögum stéttarfélaga. Áþekkt sjónarmið koma fram í minnisblaðinu frá Landslögum þar sem tekið er fram að félagið eða fundir þess séu ekki bærir til að ákveða miðlun upplýsinga um stéttarfélagasáttild félags-

manna enda sé það talið til sérstaklega viðkvæmra persónuupplýsinga. Til að birting félagatals geti talist heimil þyrfti að afla upplýsts samþykkis hvers og eins félagsmanns þar sem gætt er að eftirfarandi atriðum:

- Samþykki félagsmanna sé aflað t.d. á mínum síðum á press.is
- Upplýsingar um samþykki og hvenær þess var aflað séu geymdar
- Félagsmönnum séu veittar nákvæmar upplýsingar um hvað felst í samþykkinu
- Félagsmönnum sé ávallt veittur möguleiki á að draga samþykki sitt baka
- Samþykki sé ekki háð því að félagsmaður fái notið einhvers í staðinn t.d. þjónustu

Í ljósi þess hve mikil vinna felst í öflun og utanumhaldi samþykkis allra félagsmanna, auk þess sem félagatalið yrði aldrei tæmandi af augljósum ástæðum telur stjórn ekki forsvaranlegt að að birta félagatalið á ný. Í ljósi þeirra leiðbeininga sem formaður félagsins aflaði frá forstjóra Persónuverndar, lögmanni félagsins og þeim atriðum sem koma fram í minnisblaði frá Landslögum mun stjórn því leggja til breytingu á ný á IX. kafla laga félagsins um félagaskrá á næsta aðalfundi.

Endurbætur í Brekkuskógi næsta haust

Freyja Steingrímisdóttir skrifar

Blaðamannafélag Íslands á og rekur fjögur orlofshús: tvö í Brekkuskógi, eitt í Stykkishólmi og eitt á Akureyri.

Orlofshús félagsins í Brekkuskógi eru á frábærum stað, en þau eru orðin nokkuð lúin og þarfnast talsverðra endurbóta, bæði að innan og utan. Aðalstjórn og stjórn Orlofssjóðs BÍ hafa því ákveðið að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir á árinu 2025. Þær munu fela í sér nauðsynlegt viðhald, svo sem viðgerðir á þaki og pípulögnum, auk endurhönnunar á rýmum að innan með smekklefum og hlýlegum hætti. Þá verður sett upp nýtt kerfi fyrir heitu pottana til að bæta virkni þeirra og flýta fyrir áfyllingu. Til að fjármagna framkvæmd-

irnar hefur verið tekin ákvörðun um að selja atvinnuhúsnæði félagsins í Ármúla 22, sem hefur verið í útleigu. Með þessu verður tryggt að eignir félagsins nýtist félagsmönnum með beinum hætti.

Hönnun og framkvæmdir

Fyrirtækið Fröken fix hefur verið ráðið til að sjá um hönnunina. Hönnunarferlið hefst strax eftir áramót, en framkvæmdir eru áætlaðar með haustinu 2025 og á að ljúka snemma vors 2026. Áhersla verður lögð á hagkvæmni, hlýlegt og endingargott yfirbragð, með tengingu við einkenni félagsins.

Fröken fix hefur áður annast endurgerð orlofshúsa Kennarasambandsins

í Ásabyggð, þar sem félagsmenn voru mjög ánægðir með árangurinn. Húsin í Ásabyggð voru áður sambærileg orlofshúsunum í Brekkuskógi, sem gefur góð fyrirheit um niðurstöðuna.

Polinmæði og þakklæti

Stjórn BÍ biður félagsmenn um að sýna því polinmæði að núverandi húsnæði er nokkuð slitið. Markmiðið er að bjóða félagsmönnum upp á ný og glæsileg orlofshús þar sem öll aðstaða verður til fyrirmyndar.

Að lokum eru félagsmenn minntir á að á orlofsvef félagsins er hægt að kaupa veiðikort og gjafabréf hjá Icelandair á sérkjörum.

Blaðamanna- félagið tekur þátt í lýðræðisátaki

Freyja Steingrímisdóttir skrifar

Blaðamannafélag Íslands (BÍ) tók í fyrsta sinn þátt í lýðræðisverkefninu #ÉgKýs fyrir alþingiskosningarnar 2024. Markmið verkefnisins var að efla lýðræðisvitund og hvetja ungt fólk til að kjósa eftir upplýstri ákvörðun.

Fræðsluefni fyrir framhaldsskólanemendur.

BÍ útbjó fræðsluefni, myndband og raunhæft verkefni sem snéru að mikilvægi blaðamennsku og hæfni til að sannreyna upplýsingar í umhverfi samfélagsmiðla. Efnið var notað í fræðslu í framhaldsskólum sem tóku þátt í lýðræðisátakinu. Markmiðið með fræðsluefninu var að hvetja ungt fólk til að hafa í huga hvaðan upplýsingarnar sem þau neyta koma og hvaða hagsmunir kunna að búa að baki.

Samstarf fyrir upplýstari kjósendur.

„Ungt fólk nýtir sér nær eingöngu netið, mest samfélagsmiðla, til að skoða fréttir og sækja sér upplýsingar, og það er lykilatriði að það læri að koma auga á rangar, óheiðarlegar eða falskar upplýsingar í aðdraganda kosninga. Markmiðið með samstarfinu við Blaðamannafélag Íslands var að hjálpa ungum kjósendum að taka upplýsta ákvörðun,“ segir Tinna Isebarn, framkvæmdastjóri Landssambands ungmennafélaga (LUF).

#ÉgKýs hefur verið hluti af lýðræðisátaki framhaldsskólanema frá alþingiskosningunum 2016. Hápunktur þess er lýðræðisvika, þar sem nemendur fá fræðslu og taka þátt í skuggakosningu. Verkefnið er í höndum LUF og Sambands íslenskra framhaldsskólanema, en það er unnið í samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila, þar á meðal BÍ.


Kastljósinu beint að mikilvægi faglegrar blaðamennsku.

Áróður, rangar upplýsingar og falsfréttir geta ýtt undir öfgahyggju og haft neikvæð áhrif á lýðræðið. Upplýst



Skjaskot af myndbandinu Bjarki Sigurðsson, blaðamaður á Stöð 2/Vísí/Bylgjunni, og Ingunn Lára Kristjánsdóttir, blaðamaður hjá RÚV, greina frá því að hverju þarf að gæta þegar maður rekst á kosningaefni á samfélagsmiðlum.

samfélag þarf á faglegri blaðamennsku að halda sem setur hlutina í samhengi og skýrir þá með hag almennings að leiðarljósi. Það er afar mikilvægt að ungt fólk, líkt og aðrir, læri að greina á milli áreiðanlegra fréttu og falskra eða villandi upplýsinga sem það neytir, sér í lagi á samfélagsmiðlum.



NAFN Lilja Katrín Gunnarsdóttir

STARF Þáttastjórnandi

VINNUSTAÐUR Bítíð á Bylgjunni / Sýn

HVAÐA FRÉTTAMÁL STÓÐ UPP ÚR Á ÁRINU OG HVERS VEGNA?

Það sem stendur því miður upp úr á þessu ári eru allir harmleikirnir sem hafa átt sér stað á þessu litla landi. Við höfum misst alltof marga á þessu ári sem er að líða og mörg þessi andlát má skrifa á úrræðaleysi í kerfinu. Það er alltaf sérstaklega sárt þegar börn og ungmenni láta lífið langt fyrir aldur fram og við sem þjóð fengum slík áföll trekk í trekk á þessu ári. Það er erfitt að tala um þessa voveiflegu atburði án þess að komast við en vonandi gerði mikil umfjöllun um þessi mál eitthvað gott og olli einhverjum breytingum í kerfunum okkar sem eiga að passa fólk, ekki skilja það eftir.

HVAÐA UMFJÖLLUN SEM ÞÚ VANNST AÐ Á ÁRINU ER EFTIRMINNI-LEGUST OG HVERS

VEGNA? Hver dagur í Bítinu er ólíkur og svo margir eftirminnilegir gestir að ég gæti ómögulega valið eitt-hvað eitt. Ég segi því að þátturinn sjálfur standi upp úr sem og meðþáttastjórnendur mínir Heimir Karlsson og Ómar Úlfur.

HVERNIG FRÉTTAÁR HELDURÐU AÐ 2025

VERÐI? Ég held að árið 2025 verði bjartara en árið 2024. Ég vona að árið 2025 einkennist af því að stjórnmalamennt stjórnir fyrir fólk og að hagur fólks í öllum stigum þjóðfélagsins vænkist. Ég vona líka að árið 2025 beri okkur sem þjóð gæfa til að tala saman á virðingarfullum nótum við hvort annað.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Ég er að lesa Gólem eftir Steinar Braga. Mæli 100% með! Algjörlega frábær bók og svo óútreiknanleg.

Á HVAD ERTU AÐ

HLUSTA? Það er svo ógurlega margt. Ég vinn með nokkur hlaðvörp; Tvíhöfða, Smartless, Þjóðmál og Eina pælingu. Síðan er ég að rótera nokkrum klassík-erum eins og Talking Heads og The Cardigans í bland við hina einu sönnu Taylor Swift.

Á HVAD ERTU AÐ

HORFA? Hitt og þetta - Silo, Grey's Anatomy, The Landmen, Dýraspítalann. Svo dett ég í alveg svakalega skemmtilega og væmna raunveruleikabætti eins og Love is Blind, The Ultimatum og Is It Cake? Ekki dæma mig.



NAFN Kolbrún Bergþórsdóttir

STARF Blaðamaður

VINNUSTAÐUR Morgunblaðið

HVAÐA FRÉTTAMÁL STÓÐ UPP ÚR Á ÁRINU OG HVERS VEGNA?

Kjör Donalds Trumps í embætti forseta Bandaríkjanna sýnir okkur að stórum hluta almennings í Bandaríkjunum finnst hefðbundnir stjórnmalamennt hafa brugðist sér. Eina ráð þessa hóps er að kjósa kjaffort ólíkindatöl sem forseta.

HVAÐA UMFJÖLLUN SEM ÞÚ VANNST AÐ Á ÁRINU ER EFTIRMINNI-LEGUST OG HVERS VEGNA? Viðtal sem ég tók við Jóhann S. Vilhjálmsson pípulagningamann og listmálara. Hann

greindist með einhverfu á sjötugsaldri. Síðan þá hefur hann helgað myndlistinni krafta sína og sýnt verk sín opinberlega. Þarna var maðurinn sem fann sig ekki í lífinu fyrr en hann uppgötvaði myndlistina. Hann segir þá uppgötvun hafa bjargað sér.

HVERNIG FRÉTTAÁR HELDURÐU AÐ 2025

VERÐI? Ég vona að það verði fullt af rólegheitum því það þýðir að heimurinn sé aðeins að skána. Held samt að það verði óróasamt og því tíðindamikil.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Jósef og bræður hans, enska þýðingu á skáldsögu eftir Thomas Mann sem fjallar um sögu í Gamla testamentinu. Hún er um 1.500 síður þannig að það tekur tíma að klára hana. Svo er ég að endurlesa Narníubækurnar eftir C.S. Lewis. Bækur sem fá mann til að skilja að lífið verður að vera ævintýri.

Á HVAD ERTU AÐ

HLUSTA? Á hverjum degi hlusta ég á klassíska tónlist. Það er á við hugleiðslu. Bach, Beethoven, Mozart, Verdi, Mahler og allir hinir.

Á HVAD ERTU AÐ

HORFA? Ég var að enda við að horfa á

Sugar glæpaþætti með Colin Farrell og þegar líða tekur á þættina verður þar mjög óvenjulegur snúningur. Alveg við mitt hæfi. Ég er svo að horfa á heimildabætti, Emperor - The Rise and Fall of a Dynasty, um fimm keisara Rómaveldis með áherslu á konurnar í lífi þeirra. Næsti þáttur fjallar um Kládíus og svo kemur Neró. Þetta er sannarlega krassandi efni, stöðugt er verið að eitra fyrir óvinum og nánnum ættingjum.



NAFN Ásdís Ásgeirsdóttir

STARF Blaðamaður

VINNUSTAÐUR Árvakur

HVAÐA FRÉTTAMÁL STÓÐ UPP ÚR Á ÁRINU OG HVERS VEGNA?

Forsetakosningar, alþingiskosningar og eldgos voru líklega þau mál sem stóðu upp úr. Öll þessi mál hafa mikil áhrif á þjóðfélagsþegna.

HVAÐA UMFJÖLLUN SEM ÞÚ VANNST AÐ Á ÁRINU ER EFTIRMINNI-LEGUST OG HVERS VEGNA? Þar sem ég skrifa aðallega viðtöl

get ég ekki beint nefnt neina umfjöllun. En ég átti samtöl við fjölmarga áhuga-verða og skemmtilega einstaklinga! Jú, ég gæti kannski nefnt viðtal við lækni sem fjallaði um mögulega lækningu á Alzheimer, en hann hefur þróað lyf sem stöðvar framgang arfgengar heilabilunar. Þetta fannst mér merkilegt.

HVERNIG FRÉTTAÁR HELDURÐU AÐ 2025

VERÐI? Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Akkúrat núna er ég að lesa bókina Frá Hollywood til heilunar sem er ævisaga Jóhönnu Jónas leikkonu. Á borðinu liggur bókinn í skugga trjána eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur sem ég tók viðtal við nýlega og hlakka ég til að lesa hana. Einnig bíður bókinn um Óla K. eftir því að verða lesin.

Á HVAD ERTU AÐ

HLUSTA? Ég er að hlusta á nýju plötu Nick Cave, Wild God. Þvílík snilld!

Á HVAD ERTU AÐ

HORFA? Ég er að horfa á Kiljuna, Eftirmál, IceGuys, fréttirnar, Fire Country, 9-1-1, Grey's Anatomy, MasterChef og Law and Order. Bland í poka.

Vönduð fjölmiðlaumfjöllun geti dregið úr tíðni sjálfsvíga

Freyja Steingrimsdóttir skrifar

Vönduð og fagleg fjölmiðlaumfjöllun getur mögulega komið í veg fyrir sjálfsvíg skv. rannsóknum Dr. Thomas Niederkrotenthaler, prófessors við Háskólann í Vín og sérfræðings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) í sjálfsvígsforvörnum. Þetta kom fram á fyrirlestri hans á pressukvöldi Blaðamannafélags Íslands, sem var haldið í samstarfi við Embætti landlæknis, í tilefni af Gulum september. Á fundinum áttu félagsmenn hreinskiptið samtal við Thomas um ýmsar áskoranir við slíka umfjöllun og samtal um hvernig blaðamenn á Íslandi geti lagt sitt af mörkum í baráttunni til að fækka sjálfsvígum.

Í gegnum tíðina hefur mikið verið fjallað um hvernig fréttir í fjölmiðlum geti haft aukna tíðni sjálfsvíga í för með sér og er það nefnt svokölluð „Werther áhrif“ eftir Werther sem tekur líf sitt í skáldsögu Goethe. En fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á að mikil umfjöllun um sjálfsvíg í fjölmiðlum geti haft í för með sér svokallaða „hermihegðun“. Hættan eykst t.d. ef aðferð eða staðsetningu sjálfsvígs er lýst, fréttir af sama sjálfsvígi eru enduteknar oft eða ef um er að ræða frægan einstakling. En rannsóknir sýna einnig að fjölmiðlar geti miðlað nýrri þekkingu í sjálfsvígsforvörnum og mögulega komið í veg fyrir sjálfsvíg, t.d. með umfjöllun um fólk sem kemst í gegnum erfið tímabil með því að leita sér hjálpar. Þetta er kallað „Papageno áhrif“ eftir karakternum Papageno í Töfraflautu Mozarts sem ætlar að taka eigið líf vegna ástarsorgar en hættir við það þegar þrír karakterar sýna honum ólíkar leiðir til að takast á við sorgina og halda áfram. Umfjöllun blaðamanna um sjálfsvíg geta þannig verið



Dr. Thomas Niederkrotenthaler hélt erindi á pressukvöldi BÍ þar sem hann fjallaði um hvernig fjölmiðlaumfjöllun um sjálfsvíg getur haft áhrif á tíðni sjálfsvíga, bæði neikvæð og jákvæð. Ljósmynd/Pétur Fjelsted

viðeigandi þáttur í vitundarvakningu og forvörnum gegn sjálfsvígum.

Í ljósi þessa hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefið út nýjan leiðarvísi fyrir blaðamenn; „Preventing suicide: a resource for media professionals.“

Lífsbrú - miðstöð sjálfsvígsforvarna á Íslandi hefur þýtt leiðarvísinn og aðlagð að íslenskum aðstæðum í samtali við BÍ. Íslenski leiðarvísirinn kom út í desember og er að finna á press.is og vef embætti landlæknis.





Blaðamennirnir sem hlutu tilnefningu til Blaðamannaverðlaunanna 2023 við afhendingu þeirra á Kjarvalsstöðum í mars.

Ljósmyndir: Anton Brink

Blaðamannaverðlaun ársins 2023

Heimir Már Pétursson blaðamaður ársins

Heimir Már Pétursson hlaut blaðamannaverðlaun ársins 2023, sem afhent voru á Kjarvalsstöðum þann 15. mars. Margrét Marteinsdóttir var verðlaunuð fyrir viðtal ársins, Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins og Jóhannes Kr. Kristjánsson, Sævar Guðmundsson og Heimir Bjarnason fyrir umfjöllun ársins.

Hér má sjá rökstuðning dómnefndar fyrir valinu og einnig hver hlutu tilnefningar:

Blaðamannaverðlaun ársins

Heimir Már Pétursson, fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar. Fyrir ítarlega og vandaða umfjöllun um kjaramál á árinu, sem kristallaðist í viðtali við Sólveigu Önnu

Jónsdóttur, formann Eflingar og Halldór Benjamín Þorbergsson, þáverandi framkvæmdastjóra SA. Deilan var þá komin í algjöran hnút en Heimir Már fékk þau saman í ítarlegt viðtal í beinni útsendingu þar sem þau féllust á að fresta verkföllum og verkbanni ef ný miðlunartillaga yrði lögð fram.

EINNIÐ TILNEFND:

Ingunn Lára Kristjánsdóttir, RÚV. Fyrir nýstárlega og eftirtektarverða framsetningu fréttu á helstu samfélagsmiðlum, til að mynda á TikTok og Instagram, og fyrir svokallaðar flettifrétir á gagnvirku formi.

Sunna Ósk Logadóttir, Heimildinni. Fyrir viðamikla umfjöllun um málefni náttúrunnar í sinni fjölbreyttustu mynd.

Viðtal ársins

Margrét Marteinsdóttir, Heimildinni. Fyrir viðtal við Gyrði Elíasson, rithöfund. Gyrðir hefur í gegnum tíðina forðast kastljós fjölmiðla en í viðtalinu ræðir hann í fyrsta sinn opinskátt um þunglyndi sem hann hefur glímt við í áratugi, og segir það vera vissan þráð í gegnum öll sín verk. Viðtalið er yndislestur og afar vel unnið, þar sem ljóðlist Gyrðis er meðal annars listilega fléttað inn í frásögnina.

EINNIÐ TILNEFND:

Auður Ösp Guðmundsdóttir, fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar. Fyrir viðtal við Evu Ólafsdóttur.

Björk Eiðsdóttir, Fréttablaðinu. Fyrir

viðtal við Magnús Karl Magnússon, prófessor í læknisfræði.

Rannsóknarblaðamennska ársins

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson, Heimildinni. Fyrir fréttaskýringar um endurvinnsluferli drykkjarferna sem afhjúpaði að fernur, sem fjölmargir Íslendingar hafa flokkað jafnvel áratugum saman í þeirri trú að þær væru endurunnar, eru brenndar í sementsverksmiðjum á meginlandi Evrópu. Umfjöllun og rannsókn Bjartmars var umfangsmikil og teygði sig til margra landa og hafði margvísleg áhrif, meðal annars þau að breytingar urðu á stjórnendateymi Úrvinnslusjóðs og nýtt verklag var innleitt við endurvinnslu á drykkjarfernum.

EINNIG TILNEFND:

Arnhildur Hálfánardóttir og Arnar Þórisson, RÚV. Fyrir umfjöllun um svokallaða óleyfisbústaði.

Helgi Seljan og Aðalsteinn Kjartansson, Heimildinni. Fyrir umfjöllun um snjóflóðið sem féll á Súðavík í janúar 1995.

Umfjöllun ársins

Jóhannes Kr. Kristjánsson, Sævar Guðmundsson og Heimir Bjarnason, Reykjavík Media og Purkur kvikmyndagerð, fyrir umfjöllun ársins. Fyrir sjónvarpsþættina Stormur sem fjölluðu um COVID 19-faraldurinn á Íslandi frá hliðum sem ekki höfðu sést áður í fjölmiðlum hér á landi. Mannlegar hliðar faraldursins voru í forgrunni í þáttunum með áhrifamiklum sögum af því hvernig almenningur tókst á við sjúkdóminn og hraða útbreiðslu hans, sem og sögum af þeim sem stóðu í framlínu baráttunnar fjarri ættingjum sínum.

EINNIG TILNEFND:

Elísabet Inga Sigurðardóttir og Sunna Sæmundsdóttir, Fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar. Fyrir umfjöllun um fylliefni og fegrunaraðgerðir í Kompás.

Ingi Freyr Vilhjálmsson, Heimildinni. Fyrir umfjöllun um sjókvíaeldi á Íslandi.

Sirgíður Dögg Auðunsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands ▶



◀ Pálmi Jónasson dómnefndarmaður

Richard Fletcher, sérfræðingur hjá Reuters Institute, flutti erindi um stöðu blaðamennskunnar. ▶




◀ Sunna Kristín Hilmarisdóttir, formaður dómnefndar.

Margrét Marteinsdóttir, blaðamaður á Heimildinni, hlaut verðlaun fyrir viðtal ársins. ▶



◀ Heimir Már Pétursson, fréttamaður á Stöð2/Vísis/Bylgjunnar, blaðamaður ársins 2023.

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson, blaðamaður á Heimildinni, hlaut verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins 2023. ▶





Ljósmyndir: Anton Brink







Golli og Kristinn hlutu verðlaun fyrir myndir ársins 2023

Kjartan Þorbjörnsson, Golli, hlaut viðurkenningu Blaðljósmyndarafélags Íslands fyrir mynd ársins 2023, fyrir mynd af Yazan, ungum flóttamanni frá Gaza. Veitt voru tvö verðlaun og hlaut Kristinn Magnússon viðurkenningu fyrir fréttaljós-

mynd ársins, fyrir mynd frá samverustund Grindvíkinga í Hallgrímskirkju.

Á ljósmyndasýninguna Myndir ársins 2023 voru valdar 102 myndir frá 17 blaðaljósmyndurum af óháðri dómnefnd úr fjölda innsendra mynda. Á sýningunni eru

myndirnar í sex flokkum sem eru fréttamyndir, myndir úr daglegu lífi, íþróttamyndir, portrettmyndir, umhverfismyndir, og myndaraðir.

Í ár veitti dómnefndin verðlaun fyrir fréttamynd ársins og ein mynd úr fyrr-

MYND ÁRSINS 2023



Í UMSÖGN DÓMNEFNÐAR UM MYND ÁRSINS SEGIR:

Mynd ársins 2023 er við fyrstu sýn einföld og kyrrlát. Hún er þó afar táknræn og hlaðin tilfinningu. Myndin sýnir Yazan, ungan flóttamann frá Gaza, þar sem hann skreytir tímabundið athvarf sitt hér á landi með jóla ljósum og fána heimalands síns. Myndin kallar fram tilfinningar á borð við hryggð og samkennd og kemur vel til skila stolti hans yfir uppruna sínum og heimili, heimili sem nú er glatað.

Hægt að nálgast bók með öllum myndum sýningarinnar í safnbúð Ljósmynda- safns Reykjavíkur.

nefndum flokkum var valin mynd ársins. Dómnefndarstörf fóru fram í byrjun febrúar en í ár skipuðu dómnefndina Árni Torfason, Hrund Þórsdóttir, Snorri Gunnarsson og Andrea Bruce sem var formaður dómnefndar. Andrea er stríðs-

fréttaljósmyndari frá Bandaríkjunum og hefur meðal annars unnið í Írak og Palestínu fyrir tímarit eins og The New York Times og National Geographic. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir myndir sínar.

FRÉTTALJÓSMYND ÁRSINS 2023



Í UMSÖGN DÓMNEFNDAR UM FRÉTTALJÓSMYND ÁRSINS SEGIR:

Fréttamynd ársins sýnir hina hliðina á einu stærsta fréttamáli ársins, jarðhræringunum á Reykjanesi. Myndin er frá samverustund fyrir Grindvíkinga í Hallgrímskirkju. Við sáum margar stórkostlegar myndir frá sjálfum eldunum og eyðileggingunni sem hræringarnar höfðu í för með sér, en sigurmyndin fangar með eftirminnilegum hætti mannlegu hliðina, hvernig samfélagið varð þéttara og fólk sýndi hvert öðru stuðning á erfiðum tíma.

Þessi voru líka tilnefnd (sum fyrir fleiri myndir):

FRÉTTIR



SIGURÐUR ÓLAFUR SIGURÐSSON Eftir mikla og öfluga skjálftahrinu bar til tíðinda í Grindavík þann 10. nóvember. Ekki var lengur talið öruggt að vera í bænum og ákváðu Almannavarnir að rýma bæinn. Gengið var hús úr húsi til að ganga úr skugga um að allir hefðu yfirgefið heimili sín.

FRÉTTIR



VILHELM GUNNARSSON Eftir miklar vangaveltur um eldgos eða ekki eldgos og háværar kröfur um að íbúar fengju að snúa aftur heim fyrir jól hófst gos rétt fyrir klukkan 23 þann 18. desember. Gosið hófst í kjölfar skjálftahrinu við Sundhnúka-gíga sem hófst skyndilega um klukkan 21. Í fyrstu gaus á um fjögurra kílómetra langri sprungu og var áætlað hraunflæði um 100 til 200 rúmmetrar á sekúndu.

FRÉTTIR



ANTON BRINK Eldgos við Litla-Hrút, júlí 2023.




VILHELM GUNNARSSON Fjöldi mála er tengdust flóttamönnum og hælisleitendum rataði í fjölmiðla á árinu en meðal þeirra var mál Hussein Hussein og fjölskyldu hans. Hussein og fjölskylda voru flutt af landi brott í nóvember 2022 og vakti framkvæmdin mikla athygli. Máli Hussein var ekki lokið þegar hann var fluttur á brott en Héraðsdómur Reykjavíkur komst seinna að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun kærunefndar útlendingamála að synja fjölskyldunni um endurupptöku hefði verið ólögmat. Fjölskyldan sneri aftur til landsins frá Grikklandi seinna í nóvember 2022 en 3. desember síðastliðinn var greint frá því að Hussein hefði yfirgefið landið ásamt fjölskyldu sinni, sem hafði þá verið vísað á brott.



EGGERT JÓHANNESSEN Tvö stór snjóflóð féllu í Neskaupstað í mars. Íbúðarhús við Starmýri varð einna verst úti. Björgunarsveitarmenn undirbúa að negla fyrir opna glugga sem sprungu þegar snjóflóð lenti á húsinu.



EYBÓR ÁRNASON Mikið tjón hefur orðið í Grindavík í jarðhræringunum



GOLLI / KJARTAN ÞORBJÖRNSSON Veiðar á stórhvelum voru mikið í umræðunni. Áður en ráðherra bannaði veiðar tímabundið var búið að brytja nokkrar langreyðar niður í hvalstöðinni í Hvalfirði.



SIGURÐUR MÁR HARÐARSON Sauðfjárbændurnir á Urriðaá og Bergstöðum í Miðfirði stóðu saman í erfiðum samningaviðræðum við fulltrúa matvælaráðuneytisins um bótagreiðslur vegna niðurskurðar sem fyrirskipaður var á um 1.400 fjár á bæjunum tveimur í byrjun apríl eftir að riðuveiki var staðfest í hjörðum þeirra.



KRISTINN MAGNÚSSON Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri og fleiri lenda í hvössum vindhviðum er þau ganga til fundar í Hörpu og hitta þar fyrir Emmanuel Macron Frakklandsforseta og Rishi Sunak, forsætisráðherra Bretlands.



GOLLI / KJARTAN ÞORBJÖRNSSON Þegar það uppgötvaðist að kynþroska norskur eldislax sem sloppið hafði úr sjókvíum í Arnarfirði var farinn að ganga í fjölda laxveiðiaá og para sig þar við villtan íslenskan lax var farið út í ýmsar reddingar, eins og að fá norska froskmenn með skutulbyssur til að synda niður ár í leit að þessum óvelkomnu gestum.



KRISTINN MAGNÚSSON Kvennaverkfall á Arnarhóli. Metfjöldi kvenna kom saman.



ANTON BRINK Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra, hlýðir á opunarávarp á ársþingi Samtaka atvinnulífsins.

ÍPRÓTTIR



HULDA MARGRÉT Stuðningsmenn Aftureldingar eru með þeim lífflegri á landinu.

ÍPRÓTTIR



EVA BJÖRK ÆGISDÓTTIR Þýskaland gegn Íslandi.

ÍPRÓTTIR



ANTON BRINK Brimbrettakappar leika listir sínar á öldum við Gróttuvita.

ÍPRÓTTIR



SIGURÐUR ÓLAFUR SIGURÐSSON Klifur.

ÍPRÓTTIR




JÓNÍNA GUÐBJÖRG GUÐBJARTSDÓTTIR Sveinís Jane Jónsdóttir í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu.



STYRMIR KÁRI ERWINSSON Gylltur sandur á sumarkvöldi.



RAGNAR VISAGE Yfirlitsmyndir yfir annasamt síðastliðið ár á Reykjanesinu.



HEIDDÍS GUNNARSDÓTTIR Arnardrangur á milli sjós og snjós.



ÁSDÍS ÁSGEIRSDÓTTIR Kötturinn Nói Sírius vildi vera með á mynd á baðinu sem hefur verið gert upp á gamla máttann.



RAGNHILDUR AÐALSTEINSDÓTTIR Kristinn Kristmundsson, eða Kiddi vídeófluga, hefur rekið kóksjálfsala við veginn milli Egilsstaða og Borgarfjarðar eystra í 22 ár. Sjálfsalinn er eingöngu knúinn áfram af vind- og sólarorku og þess vegna græn málaður að sögn Kidda, þar sem hann notar einungis græna orku. Þar fæst gos, sælgæti og einnota tattú.



HEIÐA HELGADÓTTIR Athöfn hjá Gyðingafélaginu á Íslandi.



ÓSKAR HALLGRÍMSSON Neyðarathvarf í kjallara leikskóla í Bakmut. Börnin leika sér í tölvuleik með jólasveinahúfur á höfðinu. Fyrir framan þau situr áhyggjufullur maður og talar í síma. Á sjónvarpi fyrir aftan hann eru fluttar fréttir af gangi átakanna. Tveimur dögum seinna varð kjallarinn fyrir loftárás, einn lést og fimm særðust.



EGGERT JÓHANNESSON Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf.



45% almennra blaðamanna hagnýta sér upplýsingalögin

Friðrik Þór Guðmundsson skrifar

Í World Journalism Studies rannsókninni, sem framkvæmd var á Íslandi meðal virkra blaða- og fréttamanna 2021 var m.a. spurt um hagnýtingu upplýsingalaga við upplýsingaöflun frá opinberum aðilum. Svörin bera með sér að á „síðustu 12 mánuðum“ hafi 62% aldrei beitt upplýsingalögunum, en 38% einu sinni eða oftar. 29% höfðu hagnýtt lögin tvisvar eða oftar, sem kannski má tala um sem sterkari skilgreiningu á virkni.

Að 62% segi „aldrei“ þýðir út af fyrir sig ekki að virknin sé lítil; fjölmargir blaða- og fréttamenn eru að vinna með slíkan efnivið að upplýsingalög koma tæpast við sögu. Nær er að horfa til þess að meira en fjórði hver blaða- og fréttamaður sendi beiðni um upplýsingar eða gögn til opinberra aðila tvisvar eða oftar á árinu, sem heita má öflug hagnýting.

Í þýði rannsóknarinnar (442 manns) var skilgreiningin á blaða- og fréttamennsku nokkuð víð og innifól meðal annars

Hagnýting upplýsingalaga frá opinberum aðilum sl. 12 mánuði

Tíðni	Fjöldi	%	%
Aldrei	125	61,9%	
1 sinni	19	9,4%	
2-5 sinnum	41	20,3%	28,7%
6-9 sinnum	12	5,9%	
10 sinnum eða oftar	5	2,5%	
Alls	202		

pródúsenta fréttadeilda, dagskrárgerðarfólk með samfélagsumfjöllun (ekki bara músík) og ljósmyndara og tókumenn fréttadeilda, auk almennra blaða- og fréttamanna og faglegra yfirmanna. Þegar svörin eru flokkuð eftir starfsheimum kemur í ljós að hagnýting upplýsingalaga einskorðast fyrst og fremst við almenna blaða- og fréttamenn og faglegra yfirmenn, en mjög lítil virkni er meðal pródúsenta, dagskrárgerðarfólks og ljósmyndara/tökumanna. Ef einungis er miðað við almenna blaðamenn og faglegra yfirmenn þeirra kemur í ljós að 45% höfðu hagnýtt sér upplýsingalögin á

árinu (einu sinni eða oftar), en 55% ekki.

Alls svöruðu 201 spurningunni efnislega og fróðlegt að skoða það sem kalla má mikla virkni og hér miðað við sex fyrirspurnir eða fleiri. Slík virkni náði til 17 svarenda af 201 eða 8.5%. Miðað við tvisvar eða oftar er fjöldinn 67 eða 33% heildarinnar.

Hagnýting upplýsingalaga frá opinberum aðilum eftir starfsheimum

Starfsheiti	Aldrei	Einu sinni	Tvisvar eða oftar	Alls
Blaðamaður/ fréttamaður	60 (56%)	14 (13%)	34 (31%)	108 (100%)
Faglegir yfirmenn*	27 (53%)	4 (8%)	20 (39%)	51 (100%)
Aðrir*	38 (90%)	1 (2%)	3 (7%)	42 (100%)
Allir hópar samtals	125 (62%)	19 (9%)	57 (28%)	201 (100%)

*Faglegir yfirmenn: Aðalritstjóri prentmiðils, yfirmaður fréttasviðs ljósvakamiðils, varafréttastjóri, aðstoðarritstjóri, ritstjórnarfulltrúi, varafréttastjóri, aðstoðarritstjóri, ritstjórnarfulltrúi, vaktstjóri, yfirmaður deildar (t.d. íþróttar eða menningar), fréttastjóri. Aðrir: Dagskrárgerðarfólk, pródúsentar, ljósmyndarar/tökufólk og aðrir.

Nokkur fylgni milli hagnýtingar og starfsaldurs

Fylgni milli hagnýtingar upplýsingalaga og starfsaldurs var nokkur, en svarendur með 10-19 ára starfsaldur sýndu þó öllu meiri virkni á þessu sviði en hinir með lengri starfsaldur. Þá var fylgni milli menntunarstigs (skólagöngu) og virkni við hagnýtingu upplýsingalaga; miðað við einhverja virkni (einu sinni eða oftar) var slíkt að finna hjá 10% þeirra sem einvörðungu hafa grunnskólapróf, 30% hjá þeim sem lokið hafa framhaldsskólaprófi, 40% hjá þeim sem lokið hafa BA-prófi og 48% hjá þeim sem lokið hafa MA-prófi.

Tilgangur upplýsingalaga er að veita almenningi (ekki síst fjölmiðlum) aðgang að fyrirbyggjandi gögnum sem varða tilgreint mál. Þá getur hann óskað eftir að fá að kynna sér öll gögn um tiltekið mál án þess að tilgreina einstök gögn sem málið varða. Ætlast er til skjótra viðbragða frá opinberum aðilum; hafi beiðni ekki verið afgreidd innan sjö daga frá móttöku hennar skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Ef stjórnvald synjar beiðni um gögn er heimilt að bera synjunina undir Úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem úrskurðar um ágreininginn.



NAFN Sigurður Már Harðarson

STARF Blaðamaður/ljósmyndari

VINNUSTADUR

Bændablaðið

HVAÐ ER BEST VIÐ

STARFIÐ ÞITT? Fjölbreytt starf og áhuga-verð viðfangsefni. Gott samstarfsfólk sem ég vinn með.



NAFN Ragna Gestsdóttir

STARF Blaðamaður

VINNUSTADUR DV

HVAÐ ER BEST VIÐ

STARFIÐ ÞITT? Hversu fjölbreytt það er og enginn dagur nákvæmlega eins. Að greina frá málefnum líðandi stundar, sem skipta samfélagið máli, upplýsa, fræða og skemmta. Segja lífsreynslu og þroskasögur venjulegs fólks er mikilvægt, gefandi og skemmtilegt.

Og samstarfsfólkið, skemmtilegt, skrytið og harðduglegt!

EF ÞÚ VÆRIR EKKI BLAÐAMAÐUR (EÐA ALMANNATENGILL) - HVAD VÆRIRÐU AÐ VINNA VIÐ?

Ég væri að vinna við eitthvað sem tengdist fólki: kennari, viðburðastjóri, verkefnastjóri, leiðsögumaður, verslun, eitthvað skemmtilegt og máulega erilsamt. Áhuginn liggur víða.

HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ AÐ GEGNA TRÚNAÐARSTARFI FYRIR BÍ?

Að vinna að því að gera gott félag betra. Efla samskipti og samvinnu félagsmanna og áhuga þeirra á félaginu, starfinu og endur- og símenntun.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Ég byrjaði seint á jólabókabókaflóðinu, en er að fara í gott jólafrí og mun þá leggja yfir krimmana og skáldsögurnar. Ég las síðast Moldin heit, sem ég mæli mjög með, ungmenningabókina Kasia og Magdalena sem er sömuleiðis góð, og Týndur sem hélt mér spennri.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA?

Í útvarpinu er Bylgjan oftast á, ég hef ekki náð að tileinka mér hlaðvörpin, en í tónlistinni þá hlusta ég

mest á gamla góða '80s. Ég reyni að fylgjast með nýrri íslenskrari tónlist líka um leið og ég nýt þess að hlusta á eldri tónlistarmenn. Svo er Eurovision handan við hornið.

Á HVAD ERTU AÐ HORFA?

Ég er algjör sófakartafli og horfi mikið á sjónvarps-seríur: Slow Horses, The Diplomat, No Good Deed, Matlock (2024), Elsbeth, 9-1-1, Fallout og The Gentlemen svona til að nefna nokkrar, IceGuys eru líka stórskemmtilegir. Árlega horfi ég svo á Friends og Lord of The Rings trilógíuna.



NAFN Ragnar Santos

STARF Dagskrárgerðarmaður

VINNUSTADUR RÚV

HVAÐ ER BEST VIÐ

STARFIÐ ÞITT? Það besta við störf mín á fjölmiðli er fyrst og fremst fjölbreytileikinn. Það eru líka ákveðin forréttindi að fá upplifa sögulega viðburði og taka þátt í að skrá þá í sögu þjóðar.

EF ÞÚ VÆRIR EKKI BLAÐAMAÐUR (EÐA ALMANNATENGILL) - HVAD VÆRIRÐU AÐ VINNA VIÐ? Annað hvort væri ég að vinna við tölvur/forritun eða við verkefnastjórnun.

HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ AÐ GEGNA TRÚNAÐARSTARFI FYRIR BÍ?

Það besta við að gegna trúnaðarmannastarfi er að geta aðstoðað samstarfsfélaga við að tryggja réttindi þeirra.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?


Handrit sem ég get ekki sagt frá.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA?

Lucille Bogan, Eminem, Emmsjé Gauta, Úlf Úlf og GDRN.

Á HVAD ERTU AÐ HORFA?

Churchill at War.



NAFN Lovísa Arnardóttir

STARF Blaðamaður

VINNUSTADUR Vísir

HVAÐ ER BEST VIÐ

STARFIÐ ÞITT? Fjölbreytileikinn og fólkið, bæði viðmælendur og samstarfsfólk.

EF ÞÚ VÆRIR EKKI

BLAÐAMAÐUR (EÐA ALMANNATENGILL) - HVAD VÆRIRÐU AÐ VINNA VIÐ? Ég væri líklega að skrifa eitt-hvað annars staðar.

HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ AÐ GEGNA TRÚNAÐARSTARFI FYRIR BÍ?

Ég byrjaði sem trúnaðarmaður hjá Fréttablaðinu og fannst kannski það besta við það að ég fékk sjálf betri yfirsýn yfir réttindi okkar.

Það var svo gott að nýta þá þekkingu til að hjálpa þeim sem lentu í einhverju veseni en líka bara til að minna fólk á rétt sinn dags daglega þegar einhver álitamál komu upp í samtölum í kaffistofunni eða á fréttagólfinu.

Eftir að hafa verið trúnaðarmaður í nokkur ár lá leiðin í stjórn Blaðamannafélagsins þar sem ég var fyrst stjórnarmaður og svo varaformaður. Það hefur auðvitað gengið á ýmsu þennan tíma en samstarf stjórnarinnar hefur allan tímann verið gott og mjög samstíga. Það hefur skipt mjög miklu máli. En fyrir utan það þá hefur allt þetta starf, sama hvort það er í stjórn eða sem trúnaðarmaður, veitt mér mikla ánægju. Ég hef haft gaman af því í stjórn að styðja

við blaðamennsku og blaðamenn og að finna nýjar leiðir til að gera það á sama tíma og það er sífellt gengið á rétt okkar.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Deus eftir Sigríði Hagalín, er búin að vera lesa Arnald Indriðason líka og How To Talk So Kids Will Listen & Listen So Kids Will Talk.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA?

Khruangbin, Ray LaMontagne, Bríet, GDRN - og svo auðvitað alltaf bara útvarpið og fréttir.

Á HVAD ERTU AÐ HORFA?

Yellowstone, Diplomat og SVU.



NAFN Arnar Þór Ingólfsson

STARF Blaðamaður

VINNUSTADUR

Heimildin

Á HVAD ERTU AÐ HORFA?

Ég hef verið að horfa á þættina Say Nothing, nýja leikna þætti sem fjalla um starfsemi IRA í óöldinni á Norður-Írlandi frá sjöunda áratugnum og fram til friðartíma. Frábært sjónvarp!



Breyttar áherslur með nýjum siðareglum

Pálmi Jónasson, formaður Siðanefndar BÍ, skrifar:

Siðanefnd hefur úrskurðað í níu kærumálum eftir að nýjar siðareglur BÍ voru samþykktar á aðalfundi félagsins í mars 2023. Í þremur tilfellum var máli vísað

frá, fjórum sinnum var úrskurðað að umfjöllun væri ekki brot gegn siðareglum en tvívegis að umfjöllun fæli í sér brot gegn þessum nýju reglum. Nýjar

siðareglur hafa leitt til breyttra áherslna en varla er hægt að segja að nýju reglurnar hafi leitt til annarrar niðurstöðu í málum.

ENGIN TENGLI VIÐ UMFJÖLLUNAREFNIÐ

Í máli nr. 1/2023-2024 kærðu tvær konur umfjöllun og viðtal DV við mann vegna deilu hans við Barnavernd Reykjavíkur. Þær töldu að umfjöllunin fæli í sér rætnar og auðveldlega afsannaðar fullyrðingar og brytu þannig gegn 2. og 6. grein siðareglna. Kærendur voru ekki til umfjöllunar í umræddum fréttum og höfðu engin bein tengsl við umfjöllunarefnið. Siðanefnd taldi því aðild kæranda ekki uppfylla málsmeðferðarreglur nefndarinnar og vísaði málinu því frá.

BROT GEGN ÞREMUR GREINUM SIÐAREGLNA

Í máli nr. 2/2023-2024 kærði maður Kristinn H. Gunnarsson, ritstjóra Bæjarins besta, vegna þriggja fréttanna sem birtust um veiðar nokkurra manna á eldislökum í Sunnudalsá. Kærandi reyndi margtvega en árangurslaust að leiðrétta rangfærslur og var afar ósáttur við heimildarlausu notkun á myndefni í hans eigu. Hann fékk engin andsvör birt í Bæjarins besta fyrr en að undangenginni ákvörðun Fjölmíðlanefndar um að beita dagsektum. Kristinn H. Gunnarsson veitti siðanefnd engin andsvör við kærinni. Siðanefnd taldi augljósar rangfærslur í fréttunum, ekki hafi verið veittur andmælaréttur og rangfærslur ekki leiðréttar. Með því hefði verið brotið gegn 2. og 3. grein siðareglna. Þá var birting mynda án heimildar og tilvísunar talið brot á 7. grein siðareglna. Brotið var á mælisvert.

ENGIN TENGLI VIÐ UMFJÖLLUNAREFNIÐ

Í máli nr. 3/2023-2024 kærði kona umfjöllun á vef Morgunblaðsins undir yfirskriftinni „Kærir mótmælendur fyrir hatusorðræðu“. Efnislega var málið eins og í 1/2023-2024. Kærandi var ekki til umfjöllunar og hafði engin bein tengsl við umfjöllunarefnið. Í samræmi við fjölda fordæma var málinu vísað frá þar sem kærandi uppfyllti ekki málsmeðferðarreglur nefndarinnar.

AUÐKENNANDI UPPLÝSINGAR EKKI TIL STAÐAR

Í máli nr. 4/2023-2024 kærði kona blaðamann á vef Vísis vegna myndbirtingar með frétt undir fyrirsögninni „Alvarlegt bílslys á Grindavíkurvegi“. Kærandi er dóttir hjóna sem létust í slysinu en kærnan byggði eingöngu á 8. grein alþjóðlegra siðareglna. Siðanefnd hefur ekki gert þá kröfu að kærendur tilgreini þær siðareglur sem þeir telja brotið gegn og lagt sjálfstætt mat á hvort kærð umfjöllun hafi verið

brot og þá á hvaða siðareglum. Nefndin tók því málið til efnislegrar meðferðar. Myndbirtingin sýndi aðstæður á slysstað en auðkennandi upplýsingar um bílinn voru ekki sýnilegar í því víða myndskoti sem notað var. Fréttir af alvarlegum umferðarslysum varða almannahagsmuni og eiga erindi til almennings. Slysið varð á fjölförnum stað og því ekki rétt að gera athugasemd við að fréttin hafi birst skömmu eftir slysið. Í samræmi við önnur fordæmi taldi nefndin að myndbirtingin væri ekki brot á siðareglum.

FORSETAFRAMBJÓÐANDI Í NASISTABÚNINGI

Í máli nr. 1/2024-2025 kærði forsetaframbjóðandinn Arnar Þór Jónsson skopmynd eftir Halldór Baldursson sem birtist á vef Vísis. Taldi hann sig þar teiknaðan í nasistabúning og að myndbirtingin bryti gegn greinum 1., 2. og 6. í siðareglum BÍ. Í tíð eldri siðareglna var í gildi venja um að vísa frá kærnum sem lutu að skoðanaskrifum undir nafni þótt skrifin hafi verið hvöss eða vegið að tilgreindum hagsmunum eða einstaklinga. Hið sama gilti um ritstjórnarefni blaða, á borð við leiðara, pistla eða skopmyndir. Þetta byggði á grein 5 í eldri siðareglum en þar sagði að reglurnar settu „ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmíðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.“ Í núgildandi siðareglum segir eingöngu að siðareglur setji ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna. Vegna þessarar breytingar taldi nefndin ekki rétt að vísa málinu frá nefndinni af þeirri ástæðu einni að um ritstjórnarefni væri að ræða og tók málið til efnislegrar meðferðar. Einn nefndarmanna vildi vísa málinu frá í samræmi við eldri úrskurði en var að öðru leyti sammála niðurstöðu siðanefndar. Nefndin vísaði í tjáningarfrelsisákvæðið og úrskurðaði að birting skopmyndarinnar hefði ekki brotið gegn siðareglum BÍ.

ÓÁNÆGÐUR MEÐ NIÐURSTÖÐU NEFNDAR OG FRÉTT

Í máli nr. 2/2024-2025 kærði maður frétt á vef Vísis um niðurstöðu nefndar um eftirlit með lögreglu en þar var fjallað um viðbrögð lögreglu vegna mótmæla við ríkisstjórnarfund. Kærandi taldi niðurstöðu nefndarinnar ekki standast og þar af leiðandi fréttin ekki heldur. Í málsmeðferðarreglum siðanefndar og sérstöku kærublaði sem kærendur fylla út kemur skýrt fram hvað þurfi að liggja fyrir svo kærna geti verið tekin til umfjöllunar. Kærandi þarf að hafa leitað leiðréttingar

hjá viðkomandi miðli. Hann þarf að vera aðili máls eða hafa ríkra hagsmuna að gæta. Kæran þarf að berast innan tveggja mánaða frá birtingu efnisins. Og kærandi þarf að láta hina kærðu umfjöllun fylgja með kærinni. Ekkert af þessum skilyrðum var uppfyllt að tveggja mánaða kærufrestinum frátöldum. Að auki var farið rangt með fyrir-sögn fréttarinnar. Kæran uppfyllti því ekki málsmeðferðarreglur og málinu vísað frá.

UPPNÁM Á ÍSLANDSMÓTINU Í SKÁK

Í máli nr. 3/2024-2025 kærði stórmeistarinn Héðinn Steingrims-son frétt sem Björn Þorfinnsson skrifaði á dv.is undir fyrirsögninni „Uppnám á Íslandsmótinu í skák – Stórmeistari hættir þátttöku út af hávaða í kylfingum.“ Taldi Héðinn umfjöllunina brjóta gegn öllum siðareglunum að tveimur frátöldum. Kæra Héðins til siðanefndar var nærri 50 blaðsíður og með henni fylgdu að auki á fjórða tug fylgi-skjala en stór hluti þeirra hafði lítil sem engin tengsl við kæruefni málsins. Í málsmeðferðarreglum segir að kæra skuli afmörkuð með augljósum hætti en nefndinni þótti ekki alveg nægt tilefni til að vísa málinu í heild sinni frá af þessum sökum. Úrskurður siðanefndar var í stuttu máli að Björn Þorfinnsson og dv.is hefðu ekki brotið gegn neinum siðareglum BÍ.

MYNDBIRTING HAFÐI EKKERT SJÁLFSTÆTT FRÉTTAGILDI

Í máli nr. 4/2024-2025 var kærð myndbirting með frétt á vef Vísis um umfangsmikla lögregluaðgerð í Bolungarvík. Kærandi er sonur manns sem fannst látinn á heimili sínu í Bolungarvík. Hin kærða mynd var skjáskot af vefsíðunni ja.is og sýndi heimili hins látna. Kærandi vísaði eingöngu í alþjóðlegar siðareglur og eldri siðareglur BÍ. Engu að síður tók nefndin málið til efnislegrar umfjöllunar. Í niðurstöðu nefndarinnar segir að umrædd mynd hafi verið skjáskot af ja.is og hefði því ekkert sjálfstætt fréttagildi. Það hafi verið ósanngjarnt gagnvart kæranda og öðrum aðstandendum að birta myndina á umræddum tíma í ljósi alvarleika málsins. Myndin var ekki tekin úr birtingu fyrr en degi síðar, þess ekki getið í fréttinni að myndin hafi verið tekin út og ekki beðist velvirðingar. Það væru hvorki sanngjörn né heiðarleg vinnubrögð. Brotið var metið ámælisvert.

BRJÁLAÐAR HUGMYNDIR Í ÁRAMÓTASKAUPI RÚV

Í máli nr. 5/2024-2025 kærði Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir umfjöllun Stefáns Einars Stefánssonar í Spursmálum Morgunblaðsins. Í afmörkuðum inngangi sem nefndur er „Af vettvangi fjölmiðla“ sagði Stefán að Salvör Gullbrá væri í handritshöfundateymi Áramótaskaups RÚV. Hún hefði hvatt til eignaspjalla á utanríkisráðuneytinu og harmað fall leiðtoga Hamas. Vonaðist hann til að slíkar brjáláðar hugmyndir verði ekki í skaupinu. Stefán nýtti ekki rétt sinn til andsvara en sagði í yfirlýsingu að siðanefnd hefði ekkert úrskurðarvald yfir sér þar sem hann hefði sagt sig úr BÍ. Því hafnaði nefndin og benti á ótal fordæmi þess efnis. Úrskurður nefndarinnar var í raun samhljóma og í máli 1/2024-2025. Umfjöllun undir liðnum „Af vettvangi fjölmiðla“ væri augljóslega persónuleg skoðun höfundar en siðareglur setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna. Kærði taldist því ekki hafa brotið gegn siðareglum BÍ.



Ljósmynd: Anton Brink

TILLITSSEMI OG TJÁNINGARFRELSI BLAÐAMANNA

Miðað við þessa níu úrskurði eftir gildistöku nýrra siðareglna er breytingin ekki mikil og varla hægt að segja að nýju reglurnar hafi leitt til annarrar niðurstöðu í málum. Mun fleiri málum var áður vísað frá en nú er eingöngu vísað frá ef kæra stenst ekki málsmeðferðarreglur. Á það reyndi í málum 1/2024-2025 og 5/2024-2025. Ekki er mælt fyrir um rétt til andsvara í siðareglum BÍ en ákvörðunarvald í þeim efnum hvílir hjá Fjölmíðlanefnd. Synjunin sjálf telst því ekki brot á siðareglum en getur eftir atvikum falið í sér brot gegn öðrum greinum siðareglna ef innihald andsvaranna fellur þar undir. Á þetta reyndi í málum 2/2023-2024 og 3/2024-2025. Í málum sem varða tjáningarfrelsi blaðamanna eins og 1/2024-2025, 3/2024-2025 og 5/2024-2025 hefur nefndin bent að valdsvið hennar takmarkist við að úrskurða um hvort brotið hafi verið gegn siðareglum BÍ. Telji kærandi að umrædd tjáning vegi að æru hans eða mannorði með almennum hætti, heyri slíkur ágreiningur undir dómstóla. Margir höfðu áhyggjur af því að „tillitssemisreglan“ í gömlu siðareglunum væri ekki lengur til staðar en hún fjallaði um að valda ekki óþarfa sársauka. Þessi umdeilda þriðja grein var svohljóðandi: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“

HVORKI SANNGJÖRN NÉ HEIÐARLEG VINNUBRÖGÐ

Nefndin hefur fellt einn úrskurð þar sem reynir á þetta ákvæði. Í máli nr. 4/2024-2025 var kærð myndbirting með frétt á vef Vísis um umfangsmikla lögregluaðgerð í Bolungarvík. Þar var niðurstaðan að umrætt skjáskot hefði ekkert sjálfstætt fréttagildi. „Að mati Siðanefndar var það ósanngjarnt gagnvart kæranda og öðrum aðstandendum að birta myndina á þeim tíma sem það var gert, í ljósi alvarleika málsins. Myndin var tekin úr birtingu daginn eftir, en þess ekki getið í fréttinni að myndin hafi verið tekin út, né beðist velvirðingar á því. Að mati Siðanefndar eru það ekki sanngjörn eða heiðarleg vinnubrögð.“ Niðurstaðan var því brot gegn siðareglum BÍ.



Mestur áhugi á verkfærum gervigreindar

Sigríður Dögg Auðunsdóttir skrifar:

Blaðamannafélagið vinnur nú að gerð fræðsluáætlunar fyrir árið 2025. Markmiðið er að bjóða félagsmönnum reglulega upp á fjölbreytt og gagnleg námskeið sem tengjast starfi blaðamanna í síbreytilegum heimi samfélags og fjölmiðla. Stefnt er á að bjóða jafnt upp á örnámskeið sem lengri námskeið - en áhugi félagsmanna ræður að sjálfsögðu mestu um hvað verður boðið upp á, hvenær og hvernig.

Gerð var könnun meðal félagsmanna á dögnum um hvaða námskeiðum þeir hefðu mestan áhuga á. Þátttakan var mjög góð og ánægjulegt að sjá hve mikill áhugi er á endur- og símenntun.

Alls svöruðu rúmlega 70 könnuninni sem send var félagsmönnum í tölvupósti. Langmestur áhugi er á námskeiði um gervigreindarverkfæri fyrir blaðamenn, en rúmur helmingur svarenda höfðu áhuga á því. Næstmesti áhuginn var á verkfærum rannsóknarblaðamennskunnar og námskeiði um blaðamennsku á samfélagsmiðlum, sem rúm 40% aðspurðra lýstu áhuga á. Þá var mikill áhugi á námskeiðum um gagnablaðamennsku og blaðamennsku á töluðu máli. Nánari upplýsingar um svör má sjá í meðfylgjandi töflu. Merkja mátti við fleiri en einn möguleika.

Þegar spurt var um lengd og tímasetningu námskeiða voru flestir sem sögðu að tveggja til þriggja tíma námskeið hentudu best (80%). Næstvinsælast var hálf dags námskeið (50%) og þá örnámskeið (45%). Ekki var mikill munur á fjölda þeirra sem vildu hafa námskeiðin að kvöldi á virkum degi eða að vinnutíma, rúm 50% völdu þessa tvo valmöguleika. Rúm 40% völdu hina þrjá, líkt og sjá má í töflunni.


Sérstakt átak í sí- og endurmenntun á árinu

Stjórn endurmenntunarsjóðs hefur fengið þessa könnun til umfjöllunar og hefur ákveðið að gert verði átak í sí- og endurmenntun blaðamanna á árinu 2025. Í kjarasamningi eru ennfremur ákvæði um að BÍ skuli „í samvinnu við aðila eða félög, standa fyrir sérstökum námskeiðum fyrir blaðamenn. Markmið námskeiðanna er að gera blaðamenn hæfari í starfi, gefa þeim tækifæri til að auka við þekkingu sína á ákveðnum sviðum og flýta þannig fyrir þjálfun þeirra.“

Meðal ábendinga og athugasemda frá þátttakendum í könnuninni voru:

- „Blaðamenn eru almennt á frekar lágum launum þannig að ein grunnforsenda fyrir því að maður hefði fyrir því að mæta á svona námskeið er að þau væru ókeypis eða mjöðög ódýr. Það þyrfti þá virkilega að vera ítarlegt og umfangsmikið námskeið til að réttlæta einhvern verðmiða í hærri tölu.“
- „Það væri áhugavert að sækja umræðukvöld um „freelance“ taxa / kjör og tækifæri, jafnvel með ritstjórum / dagskrárgerðarfolki frá fjölmiðlunum sem myndu greina frá því hvernig fyrirkomulagið er á sínum miðli.“
- „Það væri líka heppilegt að hafa einhver námskeiðanna fjar-námskeið.“
- „Fínt framtak!“

Hvaða lengd á námskeiði myndi henta þér?



Hvaða tímasetning myndi henta þér?



Hvernig námskeiðum hefðirðu áhuga á?



Ertu...

...sjálfstætt starfandi og getur bætt við þig verkefnum?
...að leita að vinnu?
...að leita að starfskrafti?



Skráning og nánari upplýsingar á press.is/atvinnutorg



NAFN Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir

STARF Fréttamaður

VINNUSTAÐUR Stöð 2, Vísir og Bylgjan

HVAÐ ER BEST VIÐ STARFIÐ ÞITT?

Það besta við starfið er klárlega samstarfsfólkið. Hæfileikabúnt öll sem eitt og algjörir fagmenn. Það skemmir auðvitað ekki fyrir hvað þetta er líka fyndið og skemmtilegt fólk!

EF ÞÚ VÆRIR EKKI BLAÐAMAÐUR (EÐA ALMANNATENGILL) - HVAD VÆRIRÐU AÐ VINNA VIÐ?

Guð einn veit, en sennilega inni í stjórnkerfinu, annað hvort í ráðuneyti eða jafnvel á þinginu.

HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ AÐ GEGNA TRÚNAÐARSTARFI FYRIR BÍ?

Að mynda tengsl og kynnst þeim sem starfa á hinum miðlunum. Ótrúlegt en satt þá skapast ekki mörg tækifæri til tengslamyndunar milli miðla.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Núna er ég að lesa Rivals eftir Jilly Cooper, þurfti að lesa bókina eftir að hafa

horft á þættina. Algjör 80's snilld og endalaust drama! Svo var ég líka að ljúka við Morðin í Dillonshúsi, mánaðarlesturinn hjá skemmtilegasta bókaklúbbsi landsins.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA?

2024 er ár gellunnar og bara gellur á fóninum: Kali Uchis, Olivia Dean, Glorilla og Doechii.

Á HVAD ERTU AÐ HORFA?

Er að horfa á þriðju seríuna af The Bear og Abbott Elementary þess á milli þegar dramað í Chicago verður of mikið.



NAFN Sólrun Lilja Ragnarsdóttir

STARF Blaðamaður

VINNUSTAÐUR mbl.is

HVAÐ ER BEST VIÐ STARFIÐ ÞITT?

Það er fjölbreytt og skemmtilegt. Maður er alltaf takast á við ný verkefni og tala við áhugavert fólk.

EF ÞÚ VÆRIR EKKI BLAÐAMAÐUR (EÐA ALMANNATENGILL) - HVAD VÆRIRÐU AÐ VINNA VIÐ?

Ég get ekki hugsað mér að starfa við neitt annað

en blaðamennsku.



NAFN Stigur Helgason

STARF Fréttamaður og vaktstjóri

VINNUSTAÐUR Fréttastofa RÚV

HVAÐ ER BEST VIÐ STARFIÐ ÞITT?

Hamgangurinn – óvissan – að þurfa alltaf að vera með fimmtán bolta á lofti og tala helst í tvo síma í einu – að byrja hvern dag með nánast autt blað – og vinnufélagarnir, kannski aðallega.

EF ÞÚ VÆRIR EKKI BLAÐAMAÐUR (EÐA ALMANNATENGILL) - HVAD VÆRIRÐU AÐ VINNA VIÐ?

Mér hefur alltaf fundist fundist heillandi tilhugsun að vera flutningabílastjóri, en það segir sína sögu hvað er erfitt að svara þessari spurningu.

HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ AÐ GEGNA TRÚNAÐARSTARFI FYRIR BÍ?

Að líða eins og maður sé að gera blaðamenskunni gagn og vinna að viðgangi hennar og framgangi, eitt lítið skref í einu, þegar manni virðist sótt að henni úr öllum áttum. Það skiptir máli að

halda mikilvægi stéttarinnar á lofti og þegar stjórn svona félags er samhent eins og nú er þá er ýmislegt hægt að gera.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Þessa stundina er það bókinn The Maniac eftir síleska höfundinn Benjamin Labatut, skáldverk byggt á ævi stærð- og eðlisfræðingsins og gleðimannsins John von Neumann, sem almennt er álitinn hafa verið einhver greindasti maður sem uppi hefur verið og hafði ómæld áhrif, misgóð, á ýmis vísindi.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA?

Ég hef verið að gera upp músík ársins 2024 og það eru helst plöturnar Here in the Pitch með Jessicu Pratt og Only God Was Above Us með Vampire Weekend - sem ég hef hingað til haft litla þolinmæði fyrir - sem sitja í mér. Svo er ég nýlega búinn með allar þáttaraðir hlaðvarpsins In the Dark, sem er framúrskarandi efni.

Á HVAD ERTU AÐ HORFA? Nú er það The Penguin, upprunasaga mörgæsarmannsins í Gotham-borg. Þetta er merkilega grípandi og gott og Colin Farrell alveg frábær í titilhlutverkinu.



NAFN Sunna Kristín Hilmarsdóttir

STARF Verkefnastjóri í miðlun og samskiptum

VINNUSTAÐUR Háskólinn í Reykjavík

HVAÐ ER BEST VIÐ STARFIÐ ÞITT?

Fjölbreytnin og samstarfsfólkið.

EF ÞÚ VÆRIR EKKI BLAÐAMAÐUR (EÐA ALMANNATENGILL) - HVAD VÆRIRÐU AÐ VINNA VIÐ?

Draumastarfið er að vera rithöfundur en harkið sem því virðist fylgja er ekki draumur hahaha!

HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ AÐ GEGNA TRÚNAÐARSTARFI FYRIR BÍ?

Að láta gott af sér leiða fyrir félagsmenn. Svo er alltaf gaman hjá okkur í BÍ enda er alltaf gaman hjá skemmtilegum!

HVAÐ ERTU AÐ LESA? Kaupmannahafnarþrileik Tove Ditlevsen.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA?

Jólaög, öll íslensk hlaðvörp sem fjalla um pólitik og Vikulokin.

Á HVAD ERTU AÐ HORFA?

Auðvitað fréttir!



NAFN Kristín Ólafsdóttir

STARF Fréttamaður

VINNUSTAÐUR Stöð 2, Vísir og Bylgjan (Sýn)

HVAÐ ER BEST VIÐ STARFIÐ ÞITT?

Að fá að gera eitthvað glænytt á hverjum degi. Vera stöðugt á ferðinni, lenda á vettvangi sögulegra atburða og tala við alls konar fólk. Það er ekki til skemmtilegra starf.

EF ÞÚ VÆRIR EKKI BLAÐAMAÐUR (EÐA ALMANNATENGILL) - HVAD VÆRIRÐU AÐ VINNA VIÐ?

Kannski kennari? Ég væri allavega í starfi þar sem ég fengi að vera gjammandi allan daginn.

HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ AÐ GEGNA TRÚNAÐARSTARFI FYRIR BÍ?

Fólkið sem er með mér í því! Svo vandaðar, drífandi og hugmyndaríkar persónur.

HVAÐ ERTU AÐ LESA?

Ekkert, því miður. TikTok er með mig í gíslingu á kvöldin um þessar mundir.



Ljósmynd: Anton Brink

Fólkið sem vinnur fyrir þig

Á aðalfundi BÍ, sem haldinn er hvert vor, er kosin stjórn og starfsnefndir félagsins. Eftirfarandi sitja í stjórnunum og nefndum starfsárið 2024-2025:

AÐALSTJÓRN:

STJÓRN BÍ:

- Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður
- Lovísa Arnardóttir (*Stöð2/Vísir.is/Bylgjan*), varaformaður
- Bára Huld Beck, *sjálfstætt starfandi*, ritari
- Stígur Helgason (*RÚV*), gjaldkeri
- Kristín Ólafsdóttir (*Stöð2/Vísir.is/Bylgjan*)
- Skúli Halldórsson (*mbl.is*)
- Sólrún Lilja Ragnarsdóttir (*mbl.is*)
- Fannís Birna Logadóttir (varamaður) (*Viðskiptablaðið*)
- Kjartan Þorbjörnsson (Gólli) (varamaður) (*Heimildin og Blaðaljósmyndarafélag Íslands*)
- Ragna Gestsdóttir (varamaður) (*DV.is*)
- Trygvi Aðalbjörnsson (áheyrnarfulltrúi) (*Félag fréttamanna á RÚV*)

STJÓRN MENNINGARSJÓÐS BÍ, ORLOFSHEIMILASJÓÐS OG ENDURMENNTUNARSJÓÐS:

- Lillý Valgerður Pétursdóttir, formaður
- Guðmundur Bergkvist
- Kristján Johannessen
- Elín Albertsdóttir (varamaður)

STJÓRN STYRKARSJÓÐS BÍ:

- Þorsteinn Kr. Ásgrímsson Melén, formaður
- Arndís Þorgeirsdóttir
- Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
- Eyrún Magnúsdóttir (varamaður)
- Lára Ómarsdóttir (varamaður)
- Sunna Kristín Hilmarsdóttir (varamaður)

SIÐANEFND BÍ:

- Pálmi Jónasson, formaður
- Jóhann Óli Eiðsson varaformaður
- Valgerður Jóhannsdóttir
- Brynhildur Ólafsdóttir (varamaður)
- Friðrik Þór Guðmundsson (varamaður)
- Þorfinnur Ómarsson (varamaður)

DÓMNEFND BLAÐAMANNAVERÐLAUNANNA:

- Brynhildur Ólafsdóttir
- Helga Arnardóttir
- Jóhann Óli Eiðsson
- Pálmi Jónasson
- Sunna Kristín Hilmarsdóttir

KJÖRNEFND:

- Aðalsteinn Kjartansson
- Arndís Þorgeirsdóttir
- Eyrún Magnúsdóttir

SAMNINGARÁÐ:

- Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður (sjálfkjörin)
- Lovísa Arnardóttir, varaformaður (sjálfkjörin)
- Anna Lilja Þórisdóttir (*RÚV*)
- Arnar Þór Ingólfsson (*Heimildin*)
- Einar Þór Sigurðsson (*DV.is*)
- Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir (*Stöð2/Vísir.is/Bylgjan*)
- Ragna Gestsdóttir (*DV.is*)
- Erla Hlynsdóttir (varamaður) (*Heimildin*)
- Freyr Bjarnason (varamaður) (*mbl.is*)
- Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson (varamaður) (*RÚV*)

SKOÐUNARMENN REIKNINGA:

- Arnar Þór Ingólfsson
- Þórdís Arnljótsdóttir
- Lára Ómarsdóttir (varamaður)

TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM:

- Birtingur*: Nanna Ósk Jónsdóttir
- Bændablaðið*: Sigurður Már Harðarson
- DV*: Erla Dóra Magnúsdóttir
- Félag fréttamanna á RÚV*: Hallgrímur Indriðason
- Heimildin*: Arnar Þór Ingólfsson
- Morgunblaðið*: Silja Björk Huldudóttir og Sólrún Lilja Ragnarsdóttir
- RÚV*: Anna Lilja Þórisdóttir og Ragnar Santos
- Sýn*: Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir
- Viðskiptablaðið*: Guðjón Guðmundsson

ÚTGEFANDI: Blaðamannafélag Íslands. RITSTJÓRI: Sigríður Dögg Auðunsdóttir. PRÓFARKALESTUR: Ragna Gestsdóttir. HÖNNUN OG UMBROT: Helgi Hilmarsson. PRENTUN: Litlaprent. FORSÍÐUMYND: Hilmar Bragi Bárðarson Víkurfréttum.



NAFN Fanndís Birna Logadóttir

STARF Blaðamaður
VINNUSTAÐUR Viðskiptablaðið

HVAÐ ER BEST VIÐ STARFIÐ ÞITT? Ég er grúskari og elska að læra nýja hluti um allt og ekkert, sem kemur sér vel í þessu starfi.



NAFN Kjartan Þorbjörnsson (Golli)

STARF Ljósmyndari
VINNUSTAÐUR Heimildin

HVAÐ ER BEST VIÐ STARFIÐ ÞITT? Að fá stöðugt að hitta og vinna með nýju fólki, kynnast nýjum hliðum landsins. Ná að fylgjast með samfélaginu þróast sem gagnrýnnin áhorfandi og skrásetja Íslandssöguna í myndum.

EF ÞÚ VÆRIR EKKI BLAÐAMAÐUR (EÐA ALMANNATENGILL) -

HVAÐ VÆRIRÐU AÐ VINNA VIÐ? Ég hef starfað við blaðamennsku í 34 ár og næ vonandi að halda því áfram. Ætli ég væri ekki kennari eða ljósmyndari á einhverju öðru sviði en fjölmiðlum.

HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ AÐ GEGNA TRÚNAÐARSTARFI FYRIR BÍ? Ég er tiltölulega nýorðinn varamaður í stjórn BÍ en hef verið formaður Blaðljósmyndarafélagsins í nokkur skipti, tók við því embætti aftur í haust. Það besta er að reyna að láta gott af sér leiða fyrir stéttina og blaðamennsku í heild sinni því hún á undir högg að sækja úr mörgum áttum.

HVAÐ ERTU AÐ LESA? Ég er voðalega lítill lestrarhestur. Les helst bókmenntir um stangveiði, ljósmyndun og einstaka jólabók.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA? Ég er ekki mikill podcast neytandi. Bílaútvarpið er oftast stillt á Rás 1 og playlistinn sem fær langmesta hlustun á Spotify er með sænsku hljómsveitinni Bo Kaspers Orkester.

Á HVAD ERTU AÐ HORFA? Ég er stöðugt að horfa á mannlífið allt í

kringum mig, leitandi að þessu skrýtna og skemmtilega og reyni stöðugt að fanga það með myndavélinni. Það er miklu meira spennandi en allt á streymisveitunum.



NAFN Hallgrímur Indriðason

STARF Fréttamaður
VINNUSTAÐUR RÚV

HVAÐ ER BEST VIÐ STARFIÐ ÞITT? Að kynnast heiminum á annan hátt og að vita (oftast) aldrei hvað maður er að fara að gera þegar maður mætir í vinnuna.

EF ÞÚ VÆRIR EKKI BLAÐAMAÐUR (EÐA ALMANNATENGILL) -
HVAÐ VÆRIRÐU AÐ VINNA VIÐ? Tónlist.

HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ AÐ GEGNA TRÚNAÐARSTARFI FYRIR BÍ? Að fá innsýn í það sem félögum okkar liggur á hjarta.

HVAÐ ERTU AÐ LESA? War eftir Bob Woodward.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA? Mannakorn.

Á HVAD ERTU AÐ HORFA? The Diplomat.



Ljósmynd: Anton Brink

Hlutverk trúnaðarmanna Blaðamannafélags Íslands

Hlutverk trúnaðarmanna er að vera tengiliður milli starfsfólks og atvinnurekenda annars vegar og milli atvinnurekanda og stéttarfélags (BÍ) hins vegar. Trúnaðarmaður er því fulltrúi BÍ á hverjum vinnustað. Í kjarasamningi BÍ er mælt fyrir um rétt starfsmanna til að kjósa trúnaðarmann en þar sem starfa fimm til fimmtíu manns er hægt að kjósa einn trúnaðarmann og tvo ef starfsmenn eru fleiri en fimmtíu. Í dag starfa trúnaðarmenn á öllum helstu vinnustöðum blaðamanna.

MEÐAL VERKEFNA TRÚNAÐARMANNA ER AÐ:

- ❖ Fylgjast með því að atvinnurekandi fari að kjarasamningum, lögum og reglum sem varða starfskjör og réttindi starfsmanna.
- ❖ Greina hvaða ákvæði kjarasamninga og reglna mætti breyta til að bæta starfskjör eða einfalda framkvæmd þeirra og koma tillögum þess efnis á framfæri við BÍ, m.a. í tengslum við undirbúning

kröfugerða fyrir kjarasamninga.

- ❖ Taka við kvörtunum starfsmanna og vera málsvari þeirra gagnvart atvinnurekanda.
- ❖ Starfa sem tengiliður stéttarfélagsins á vinnustað, miðla upplýsingum milli félagsins og starfsmanna, kynna stefnu BÍ og verkefni þess.
- ❖ Veita nýjum starfsmönnum upplýsingar um starfskjör, réttindi og starfsemi stéttarfélagsins og aðstoða þá við að átta sig á aðstæðum.


STUÐNINGUR OG RÁÐGJÖF

BÍ styður trúnaðarmenn sína með ráðgjöf og fræðslu til að þeir geti sinnt störfum sínum af fagmennsku. Trúnaðarmenn BÍ eru ómissandi fyrir starfsemi félagsins og öryggi félagsmanna. Þeir stuðla að faglegum og sanngjörnum samskiptum á vinnustað og tryggja að hagsmunir blaðamanna séu virtir í samstarfi við skrifstofu félagsins.

Styrkir og sjóðir

Atvinnurekendur greiða í fjóra sjóði í eigu Blaðamannafélagsins, sem sjóðfélagar geta sótt um styrki í skv. sérstökum úthlutunarreglum. Atvinnurekendur greiða 1,2% af launum í Menningarsjóð, 1% í Styrktarsjóð, 0,7% í Endurmenntunar- og háskólasjóð og 0,25% í Orlofsheimilásjóð.

Greiðslurnar í sjóðina eru kjarasamningsbundin réttindi sem ætlað er að styðja við félagsfólk vegna heilbrigðis-kostnaðar, heilsueflingar, endurmenntunar og þriggja mánaða leyfis svo eitthvað sé nefnt. Því geta aðeins þeir félagsmenn sem greitt hefur verið af til ofangreindra sjóða fengið úthlutað styrkjum úr þeim.*



Ljósmynd: Anton Brink

Menningarsjóður BÍ

Menningarsjóður BÍ veitir styrki til félagsmanna vegna þriggja mánaða leyfis og sérstakra verkefna tengdum blaðamennsku. Í sjóðinn renna, auk greiðslna frá atvinnurekendum, einnig tekjur af höfundaréttargjöldum sem Blaðamannafélagið innheimtir fyrir blaðamannastéttina í heild sinni.

Félagar sem greiða iðgjöld í Menningarsjóð eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum þegar þeir eiga rétt á svokölluðu þriggja mánaða leyfi, samkvæmt kjarasamningum BÍ. Styrkur árið 2024 er 425 þús. fyrir félagsmenn sem hafa styttri en 18 ára starfsaldur og 560 þús. fyrir þá sem hafa starfað lengur.

STYRKIR MENNINGARSJÓÐS

- ❖ Menningarsjóðsstyrkur vegna þriggja mánaða leyfis
- ❖ Verkefnastyrkur
- ❖ Lausamannastyrkur vegna námskostnaðar

Nánari úthlutunarreglur og reglugerð sjóðsins má finna á press.is.

Endurmenntunarsjóður BÍ

Endurmenntunarsjóður BÍ aðstoðar félagsmenn við að efla sig í sínu fagi. Nýverið tók stjórn sjóðsins ákvörðun um að hækka endurgreiðsluhlutfall fyrir nám og hvers kyns endurmenntun úr 50% í 75% af skóla- og námskeiðsgjöldum. Einnig er endurgreitt 75% af fargjaldi og gistikostnaði í tengslum við þátttöku í námskeiði eða ráðstefnu.

Endurmenntunarsjóður BÍ styrkir endurmenntun og fræðslu félagsmanna með margvíslegum hætti. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til náms á háskólastigi, námskeiða, ráðstefna, málþinga, fræðslu- og kynnisferða innanlands og erlendis. Hámarksstyrkur er 300.000 kr., m.v. fullan rétt, á 24 mánaða tímabili.

STYRKIR VEGNA ENDURMENNTUNAR

- ❖ Námskeiðsgjöld
- ❖ Nám á háskólastigi
- ❖ Ráðstefnur og málþing
- ❖ Ferðastyrkir
- ❖ Nám við Norrænu blaðamanna- miðstöðina

Nánari úthlutunarreglur og reglugerð sjóðsins má finna á press.is.

Styrktarsjóður

Styrktarsjóður er sá sjóður BÍ sem mest er leitað í eftir styrkjum úr en hann veitir sjóðfélögum styrki vegna kostnaðar við heilbrigðisþjónustu og heilsueflingu og greiðir meðal annars út sjúkradagpeninga til félagsmanna sem verða fyrir tekjumissi vegna veikinda eða slysa. Úthlutunarreglur BÍ tóku breytingum í júní sl. þar sem útgjöld sjóðsins höfðu árum saman verið umfram iðgjöld en við þær breytingar var horft til þess að varðveita réttindi félagsmanna eins og unnt var.

STYRKIR VEGNA HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU EÐA HEILSUEFLINGAR:

- ❖ Laun í veikindum
- ❖ Heilsuefling
- ❖ Fæðingar- og ættleiðingarstyrkur
- ❖ Tækniþrívagnir
- ❖ Hjartaskoðun
- ❖ Sjúkrþjálfun og nudd
- ❖ Endurhæfing
- ❖ Krabbameinsskoðun
- ❖ Tannlæknakostnaður
- ❖ Sálfræðikostnaður
- ❖ Gleraugnastyrkur
- ❖ Heyrnatækjastyrkur
- ❖ Lasermeðferð á augum
- ❖ Dvöl á heilsustofnun
- ❖ Göngumæling og innlegg
- ❖ Útfararstyrkur
- ❖ Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu

Nánari úthlutunarreglur og reglugerð sjóðsins má finna á press.is.

* Lausamannaáild veitir ekki rétt á að sækja um í sjóði félagsins nema í Menningarsjóð þar sem áildin veitir rétt á styrk til heimings námskostnaðar, að hámarki kr. 25.000 á ári.

Sækja þarf sérstaklega um blaðamanna-skírteini

Stjórn BÍ hefur ákveðið að blaðamannaskírteini verði framvegis einungis gefin út til þeirra sem sækja sérstaklega um þau. Blaðamannafélagið hefur um árabil gefið út staðfestingu á félagsaðild í formi blaðamannaskírteinis sem allir félagsmenn hafa geta nálgast sjálfkrafa í upphafi hvers árs. Talsvert hefur verið um að félagsmenn hafi ekki haft þörf fyrir skírteinin og því ekki talið þörf á að sækja þau. Mikill fjöldi skírteina er því prentaður árlega umfram þörf.

Blaðamannafélagið vill tryggja að blaðamannaskírteinið haldi gildi sínu og veiti blaðamönnum nauðsynlegt aðgengi að vettvangi og upplýsingum svo þeir geti sinnt starfi sínu í þágu almennings. Því hefur stjórn tekið ákvörðun um félagsmenn fá ekki

PRESS

BLAÐAMANNASKÍRTEINI
PRESS CARD 25/26

Jóna Jónsdóttir

0101019999

Fjölmiðaveitan

Blaðamaður/
Journalist

Journalist

BÍ BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS




lengur sjálfkrafa úthlutað blaðamannaskírteini við skráningu í félagið, heldur þurfa þeir að sækja sérstaklega um það. Félagismaður á rétt á að sækja um blaðamannaskírteini eftir fjögurra mánaða starf, haldi hann áfram störfum við fjölmiðlun. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að skírteinið gildi tvö ár í senn í stað eins.

Félagsmenn eru því hvattir til þess að meta það hvort þeir hafi þörf á skírteininu starfs síns vegna. Áður en sótt er um blaðamannaskírteini er mikilvægt að blaðamenn kynni sér

siðareglur blaðamanna sem ætlað er að stuðla að vandaðri og öflugri blaðamennsku. Siðareglur blaðamanna má finna á siðavef BÍ á press.is/sidareglur.

Hafir þú þörf fyrir blaðamannaskírteini BÍ vegna starfa þinna, geturðu sótt um það á **mínum síðum** á press.is. Með umsókn staðfestir umsækjandi að hann hafi kynnt sér siðareglur blaðamanna og þurfi að nota blaðamannaskírteini sem atvinnutæki. Allir sem sækja um skírteini fá því úthlutað.



VISSIR ÞÚ...

...að fyrir útkall utan venjulegs dagvinnutíma eða á vaktfrídegi skal greiða laun sem svarar minnst 4 klst í yfirvinnu??

ÞEKKTU RÉTT
ÞINN



Nánar á
press.is/thecktu-rett-thinn

SIÐAREGLUR BLAÐAMANNA

INNGANGUR

Öflug og vönduð blaðamennska, þar sem tjáningarfrelsið er í fyrirrúmi, er forsenda lýðræðis. Hún byggist á faglegum vinnubrögðum sem siðareglum þessum er ætlað að ramma inn. Í þeim er lögð áhersla á að frumskylda blaðamanns er gagnvart almenningi sem á rétt á að fá sannar upplýsingar settar fram á sanngjarnan og heiðarlegan hátt. Blaðamönnum ber að þekkja og fara eftir þessum siðareglum í störfum sínum.

1. GREIN

Blaðamaður hefur sannleikann að leiðarljósi, stendur vörð um tjáningarfrelsið og frjálsa fjölmiðlun og rétt almennings til upplýsinga, svo veita megi nauðsynlegt aðhald í lýðræðisþjóðfélagi.

2. GREIN

Blaðamaður setur fram upplýsingar á heiðarlegan og sanngjarnan hátt samkvæmt bestu vitund hverju sinni, meðal annars með því að leita andstæðra sjónarmiða þegar við á. Blaðamaður hagræðir ekki staðreyndum og setur ekki fram órókstuddar ásakanir.

3. GREIN

Blaðamaður leiðréttir rangfærslur sé þess þörf.

4. GREIN

Blaðamaður lítur svo á að allar upplýsingar sem varða almannahagsmuni eigi að vera aðgengilegar og að hann eigi að hafa fullan rétt til að afla þeirra.

5. GREIN

Blaðamaður beitir hvorki hótunum né þvingunum til þess að afla upplýsinga.

6. GREIN

Blaðamaður gerir greinarmun á staðreyndum og skoðunum, gengur úr skugga um áreiðanleika upplýsinga og gætir þess að umfjöllunin sé hlutlæg.

7. GREIN

Blaðamaður gætir þess að þegar hann vitnar til ummæla eða upplýsinga sem birst hafa opinberlega, þar á meðal á samfélagsmiðlum, sé þess getið hvaðan ummælin voru fengin.

8. GREIN

Blaðamaður virðir trúnað við heimildarmenn sína.

9. GREIN

Blaðamaður þiggur ekki mútur, gjafir eða fyrirgreiðslu af neinu tagi sem ætlað er að hafa áhrif á umfjöllun hans. Blaðamaður forðast hagsmunaárekstra og gerir grein fyrir tengslum við umfjöllunarefnið ef við á. Blaðamaður tekur ekki þátt í verkefnum sem kynnu að stofna sjálfstæði hans og trúverðugleika í hættu og nýtir ekki upplýsingar í eigin þágu.

10. GREIN

Blaðamaður gerist ekki sekur um ritstuld.

11. GREIN

Blaðamaður blandar ekki saman ritstjórnarlegu efni og auglýsingum í myndum og/eða máli.

12. GREIN

Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna. Blaðamaður gætir þess að persónulegar skoðanir hans hafi ekki áhrif á hlutlægni fréttaflutnings.

13. GREIN

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ samkvæmt sérstökum málsmeðferðarreglum þar um.

Samþykktar á aðalfundi BÍ 23. mars 2023

Nánari upplýsingar á
press.is/sidavefur

